- d) EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteini eða upprunayfirlýsing eða EUR-MED-upprunayfirlýsing til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru, gefin út hjá samningsaðilum í samræmi við þessa bókun eða í einu landanna sem um getur í 3. gr. í samræmi við sams konar upprunareglur og er að finna í þessari bókun,
- e) yfirlýsingar birgis til sönnunar á að aðvinnsla á EES á efnum sem notuð eru við framleiðslu viðkomandi vara hjá samningsaðilum sé í samræmi við þessa bókun,
- f) viðeigandi sannanir varðandi aðvinnslu sem hefur átt sér stað utan EES með beitingu 11. gr., til sönnunar á að kröfum þeirrar greinar hafi verið fullnægt.

29. gr.

#### Varðveisla sönnunar á uppruna, yfirlýsinga birgis og fylgiskjala

1. Útflytjandi, sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED-flutningsskírteinis, skal varðveita, í a.m.k. þrjú ár, þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 16. gr.
2. Útflytjandi, sem gefur út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED-upprunayfirlýsingu, skal varðveita í a.m.k. þrjú ár eintak af henni ásamt skjölunum sem um getur í 5. mgr. 21. gr.
3. Birgir sem gefur út yfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintök af henni, vörureikningi, afhendingarseðli eða öðrum viðskiptaskjölum sem yfirlýsingin er fest við, auk skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr.

Birgir sem gefur út langtímayfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintök af yfirlýsingunni og öllum vörureikningum, afhendingarseðlum eða öðrum viðskiptaskjölum varðandi þær vörur sem yfirlýsingin fjallar um og sendar voru til hlutaðeigandi viðskiptavinar, auk þeirra skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr. Tímabil þetta hefst þann dag er gildistími langtímayfirlýsingar birgis rennur út.

4. Tollyfirvöld í útflutningslandinu sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED-flutningsskírteini skulu geyma í a.m.k. þrjú ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 16. gr.
5. Tollyfirvöld í innflutningslandinu skulu varðveita í a.m.k. þrjú ár EUR.1-flutningsskírteini og EUR-MED-flutningsskírteini og upprunayfirlýsingar og EUR-MED-upprunayfirlýsingar sem þeim eru afhent.

## 30. gr.

**Ósamræmi og villur í framsetningu**

1. Uppgötvist lítills háttar misræmi milli staðhæfinga, sem settar eru fram í sönnun á uppruna, og þeirra sem fram koma á skjölum, sem afhent eru tollyfirvöldum, vegna formsatriða sem fullnægja þarf fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að sönnun á uppruna teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að það skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.
2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur í sönnun á uppruna skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í því séu réttar.

## 31. gr.

**Fjárhæðir gefnar upp í evrum**

1. Þegar vörureikningur er í öðrum gjaldmiðli en evrum skulu aðildarríki Evrópusambandsins og lönd, sem um getur í 3. gr., ákveða, að því er varðar beitingu ákvæða b-liðar 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 26. gr., árlega fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli sem eru jafngildar fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.
2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 21. gr. eða 3. mgr. 26. gr. gilda um vörusendingu með hliðsjón af þeim gjaldmiðli sem vörureikningurinn er gefinn út í og á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi land hefur ákveðið.
3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildar fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum fyrsta virkan dag í október ár hvert. Senda skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upplýsingar um fjárhæðirnar eigi síðar en 15. október og skulu þær gilda frá 1. janúar á næsta ári. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynna öllum hlutaðeigandi löndum um þessar fjárhæðir.
4. Landi er heimilt að námunda fjárhæð að loknum umreikningi á fjárhæð, sem er gefin upp í evrum, yfir í innlendan gjaldmiðil. Námunduð fjárhæð má ekki breytast vegna umreikningsins um meira en 5 af hundraði til hækkunar eða lækkunar. Landi er heimilt, þegar leiðrétting sem kveðið er á um í 3. mgr. er gerð, að halda óbreyttri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli sem jafngildir fjárhæð sem er gefin upp í evrum ef umreikningur fjárhæðarinnar leiðir til minni hækkunar en 15 af hundraði á jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli áður en fjárhæðin er námunduð. Heimilt er að halda jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli óbreyttri ef umreikningur leiðir til lækkunar á því jafngildi.
5. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða fjárhæðir, sem eru gefnar upp í evrum, að beiðni samningsaðilanna. Við þá endurskoðun skal nefndin meta hvort æskilegt er að varðveita áhrif gildandi takmarkana fjárhæða á föstu verði. Hún getur, að því er þetta varðar, ákveðið að breyta fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.

**VI. BÁLKUR****FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA**

## 32. gr.

**Samvinna stjórnvalda**

1. Tollyfirvöld hlutaðeigandi samningsaðila skulu láta hvert öðru í té, fyrir milligöngu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR.1- og EUR-MED-flutningsskírteina og heimilisföng tollyfirvalda sem bera ábyrgð á sannprófunum á þeim skírteinum, upprunayfirlýsingum og EUR-MED-upprunayfirlýsingum eða yfirlýsingum birgis.
2. Til þess að tryggja að þessari bókun sé rétt beitt skulu samningsaðilar aðstoða hver annan, með tilstuðlan þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1- og EUR-MED-flutningsskírteina, upprunayfirlýsinga, EUR-MED-upprunayfirlýsinga eða yfirlýsinga birgja og að þær upplýsingar, sem fram koma í þessum skjölum, séu réttar.

## 33. gr.

**Sannprófun sönnunar á uppruna**

1. Sannprófun sönnunar á uppruna, sem er gerð eftir á, skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.
2. Við framkvæmd 1. mgr. skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu endursenda EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað, upprunayfirlýsingu eða EUR-MED-upprunayfirlýsingu eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda í útflutningslandinu og tilgreina ástæður fyrir beiðni um sannprófun eftir því sem við á. Skjöl og upplýsingar, sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar á sönnun á uppruna séu rangar, skulu send til stuðnings beiðni um sannprófun.
3. Tollyfirvöld í útflutningslandinu skulu annast sannprófunina. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og að athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.
4. Ef tollyfirvöld í innflutningslandinu ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvörum á meðan beiðni er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.
5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar á EES eða þeim löndum sem um getur í 3. gr. og hvort öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.
6. Í tilvikum þar sem um rökstuddan grun er að ræða og ef ekkert svar hefur borist innan tíu mánaða eða ekki eru veittar nægilegar upplýsingar í því til unnt sé að ákvarða áreiðanleika skjalsins sem um ræðir og raunverulegur uppruni framleiðsluvaranna er dreginn í efa skulu tollyfirvöldin, sem lögðu beiðnina fram, eiga rétt á því að synja um fríðindameðferð, nema við sérstakar aðstæður.

## 34. gr.

**Sannprófun á yfirlýsingum birgis**

1. Sannprófun eftir á, á yfirlýsingum birgis eða langtímayfirlýsingum birgis, er hægt að framkvæma með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í því landi, þar sem tillit er tekið til slíkra yfirlýsinga við útgáfu EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteinis eða upprunayfirlýsingar eða EUR-MED-upprunayfirlýsingar, hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika skjalsins eða að upplýsingar sem í því eru gefnar séu réttar.
2. Vegna framkvæmdar 1. mgr. skulu tollyfirvöld í landinu, sem um getur í 1. mgr., endursenda yfirlýsingu birgis og vörureikninga, afhendingarseðla eða önnur viðskiptaskjöl varðandi þá vöru sem yfirlýsingin á við, til tollyfirvalda í landinu þar sem yfirlýsingin var gefin út og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að beiðni um sannprófun er lögð fram.  
  
Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í yfirlýsingu birgja séu rangar.
3. Tollyfirvöld í því ríki, þar sem yfirlýsing birgis var gefin út, skulu annast sannprófunina. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og að athuga bókhald birgis eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.
4. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort upplýsingar í yfirlýsingu birgis séu réttar og þær verða að gera þeim kleift að ákvarða hvort og að hve miklu leyti taka má tillit til útgáfu yfirlýsingar birgis við útgáfu EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteinis eða upprunayfirlýsingar eða EUR-MED-upprunayfirlýsingar.

## 35. gr.

**Lausn deilumála**

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 33. og 34. gr., sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri þessa bókun skal vísa þeim til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Lausn deilumála milli innflytjanda og tollyfirvalda í innflutningslandinu skal í öllum tilvikum heyra undir löggjöf þess lands.

36. gr.

#### Viðurlög

Hver sá sem gefur út eða veldur því að gefið er út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla friðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

37. gr.

#### Frísvæði

1. Samningsríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað vara, sem stunduð eru viðskipti með í skjóli sönnunar á uppruna og fluttar eru um frísvæði á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.
2. Veitt er undanþága frá ákvæðum 1. mgr. fyrir vörur, sem eru upprunnar á EES og fluttar inn á frísvæði í skjóli sönnunar á uppruna og hljóta meðferð eða vinnslu, er heimilar hlutaðeigandi yfirvöldum að gefa út nýtt EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteini að beiðni útflytjanda ef meðferð eða vinnsla vörunnar er í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

### VII. BÁLKUR

#### CEUTA OG MELILLA

38. gr.

#### Beiting bókunarinnar

1. Hugtakið „EES“ sem notað er í þessari bókun nær ekki til Ceuta og Melilla. Með hugtakinu „framleiðsluvörur sem eru upprunnar á EES“ er ekki átt við framleiðsluvörur frá Ceuta og Melilla.
2. Að því er varðar beitingu bókunar 49 með tilliti til framleiðsluvara sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla skal þessi bókun gilda að breyttu breytanda með þeim sérstöku skilyrðum sem eru sett í 39. gr.

39. gr.

#### Sérstök skilyrði

1. Að því tilskildu að þær hafi verið fluttar beint í samræmi við 12. gr. skal eftirfarandi teljast:
  - 1) framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla:
    - a) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti í Ceuta og Melilla
    - b) framleiðsluvörur sem eru fengnar í Ceuta og Melilla hafi í framleiðslu þeirra verið notaðar aðrar framleiðsluvörur en þær sem um getur í a-lið, að því tilskildu að:
      - i) þessar framleiðsluvörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr., eða að
      - ii) þessar framleiðsluvörur séu upprunnar á EES, að því tilskildu að þær fái aðvinnslu umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr.,
  - 2) framleiðsluvörur sem eru upprunnar á EES:

- a) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti á EES,
  - b) framleiðsluvörur sem eru fengnar á EES hafi í framleiðslu þeirra verið notaðar aðrar framleiðsluvörur en þær sem um getur í a-lið, að því tilskildu að:
    - i) þessar framleiðsluvörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr., eða að
    - ii) þessar framleiðsluvörur séu upprunnar í Ceuta og Melilla eða á EES, að því tilskildu að þær fái aðvinnslu umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr.
2. Ceuta og Melilla teljast eitt yfirráðasvæði.
  3. Útflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skulu rita „EES“ og „Ceuta og Melilla“ í reit 2 á EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteini eða upprunayfirlýsingu eða EUR-MED-upprunayfirlýsingu. Auk þess skal rita þetta í reit 4 á EUR.1- eða EUR-MED-flutningsskírteini eða upprunayfirlýsingu eða EUR-MED-upprunayfirlýsingu ef um er að ræða framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla.
  4. Tollyfirvöld á Spáni skulu bera ábyrgð á beitingu þessarar bókonar í Ceuta og Melilla.

41. gr. {<sup>5</sup>}

**Bráðabirgðafyrirkomulag vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu**

1. Ef sönnun á uppruna, sem er gefin út á réttan hátt á vegum EFTA-ríkis eða Lýðveldisins Króatíu eða gefin út á grundvelli samnings um fríðindameðferð sem er í gildi milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Króatíu skal slíkt teljast sönnun á EES-fríðindauppruna að því tilskildu:
  - a) að sönnun á uppruna og flutningsskjöl hafi verið gefin út eigi síðar en daginn áður en Lýðveldið Króatía öðlaðist aðild að Evrópusambandinu, og
  - b) að sönnun á uppruna berist tollyfirvöldum áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að Lýðveldið Króatía öðlaðist aðild að Evrópusambandinu.

Ef lögð er fram innflutningsskýrsla vegna innflutnings á vörum frá EFTA-ríki til Lýðveldisins Króatíu eða frá Lýðveldinu Króatíu til EFTA-ríkis, eftir því sem við á, sem átt hefur sér stað áður en Lýðveldið Króatía öðlaðist aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt ákvæðum um fríðindameðferð sem voru í gildi milli EFTA-ríkis og Lýðveldisins Króatíu á þeim tíma, mega EFTA-ríkin eða Lýðveldið Króatía einnig taka gilda sönnun á uppruna sem er gefin út eftir á í samræmi við slíka tilhögun að því tilskildu að hún berist tollyfirvöldum áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að Lýðveldið Króatía öðlaðist aðild að Evrópusambandinu.

2. EFTA-ríkjunum annars vegar og Lýðveldinu Króatíu hins vegar er heimilt að hafa áfram í gildi leyfi sem veita stöðu „viðurkennds útflytjanda“ á grundvelli samninga sem eru í gildi milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Lýðveldisins Króatíu hins vegar að því tilskildu að hinir viðurkenndu útflytjendur beiti upprunareglum þessarar bókonar.

Í stað þessara leyfa í EFTA-ríkjunum og Lýðveldinu Króatíu koma, eigi síðar en einu ári eftir gildistöku samningsins, ný leyfi sem eru gefin út í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari bókun.

3. Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Króatíu skulu taka til greina óskir um síðari sannpröfun sönnunar á uppruna sem gefin er út á grundvelli samninga og ákvæða um fríðindameðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr. hér að framan, um þriggja ára skeið eftir að slík sönnun á uppruna er gefin út og er sömu yfirvöldum heimilt að leggja fram slíkar óskir um þriggja ára skeið eftir að sönnun á uppruna til stuðnings innflutningsskýrslu er samþykkt.
4. Heimilt er beita ákvæðum samningsins gagnvart vörum sem annaðhvort eru fluttar út frá Lýðveldinu Króatíu til EFTA-ríkjanna eða frá EFTA-ríkjunum til Lýðveldisins Króatíu, sem samræmast ákvæðum þessarar bókonar og sem, á þeim degi þegar Lýðveldið Króatía öðlast aðild að Evrópusambandinu, eru annaðhvort í umflutningi eða í bráðabirgðageymslu í tollvörugeymslu eða á frísvæði í EFTA-ríki eða í Lýðveldinu Króatíu.

{<sup>5</sup>} Ákvæðum 41. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 70/2015 (Stjtið. ESB L 129, 19.5.2016, bls. 54 og EES-viðbætur nr. 29, 19.5.2016, bls. 55), gildistaka 20.3.2015. Hún kemur til framkvæmda frá 1.7.2013 til 1.1.2017.

5. Heimilt er að veita fríðindameðferð í tilvikum sem um getur í 4. mgr., að því tilskildu að sönnun á uppruna sem tollyfirvöld í útflutningslandinu gefa út eftir á berist tollyfirvöldum í innflutningslandinu áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að Lýðveldið Króatía öðlaðist aðild að Evrópusambandinu.
-

**I. VIÐAUKI****Inngangsaðgæmsmað skránni í II. viðauka**

Sjá I. viðauka við I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda sem veita fríðindi.

Allar tilvísanir til „þessa viðbætis“ í athugasemd 1 og 3.1. í I. viðauka við I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda sem veita fríðindi ber að skilja sem tilvísanir til „þessarar bókunar“.



**II. VIÐAUKI****Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunaefni, sem þarf til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi**

Sjá II. viðauka við I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda sem veita fríðindi.

**III. VIÐAUKIA****Sýnishorn af EUR.1-flutningsskírteini og umsókn um EUR.1-flutningsskírteini**

Sjá III. viðauka a við I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita fríðindi.

**III. VIÐAUKI B****Sýnishorn af EUR-MED-flutningskírteini og umsókn um EUR-MED-flutningskírteini**

Sjá III. viðauka b við I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita fríðindi.

#### **IV. VIÐAUKIA**

##### **Texti upprunayfirlýsingar**

Sjá IV. viðauka a í I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönd sem veita fríðindi.

#### **IV. VIÐAUKI B**

##### **Texti EUR-MED-upprunayfirlýsingar**

Sjá IV. viðauka b í I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönd sem veita fríðindi.

**V. VIÐAUKI****Yfirlýsing birgis**

Yfirlýsing birgis, en texti hennar kemur fram hér á eftir, skal gerð í samræmi við neðanmálgreinarnar. Hins vegar þarf ekki að endurtaka neðanmálgreinarnar.

**YFIRLÝSING BIRGIS**

vegna vara sem hlotið hafa aðvinnslu á EES án þess að hafa fengið viðurkenningu um fríðindauppruna  
Ég, undirritaður, birgir þeirra vara sem getið er á skjalinu sem fylgir með í viðauka, lýsi því yfir að:

1. Eftirtalin efni sem eru ekki upprunnin á EES hafa verið notuð á EES til að framleiða þessar vörur:

Lýsing á vörinni <sup>(1)</sup>	Lýsing á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunnin á EES	Númer á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunnin <sup>(2)</sup>	Verðmæti efna sem eru notuð en eru ekki upprunnin <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
		Samtals	.....

2. Öll önnur efni notuð á EES við framleiðslu þessara vara eru upprunnin á EES.
3. Eftirtaldar vörur hafa hlotið aðvinnslu utan EES í samræmi við 11. gr. bókunar 4 við samninginn og hafa fengið þar áunninn heildarvirðisauka sem hér segir:

Lýsing á vörinni	Áunninn heildarvirðisauki sem fékkst utan EES <sup>(4)</sup>
.....	.....
.....	.....
.....	.....
	(Staður og dagsetning)
	.....
	.....
	(Heimilisfang og undirskrift birgis; auk þess verður nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

- (<sup>1</sup>) Ef vörureikningur, afhendingarseðill eða annað viðskiptaskjal sem yfirlýsingin er fest við tekur til ýmissa vörutegunda eða vara sem innihalda ekki efni sem eru ekki upprunaefni að sama leyti, verður birgir að greina vandlega á milli þeirra.

Dæmi:

Skjalið tekur til ýmissa gerða af rafhreyflum í nr. 8501 sem nota á við framleiðslu þvottavéla í nr. 8450. Tegundir og verðmæti efna sem eru ekki upprunaefni og notuð eru við framleiðslu þessara hreyfla er mismunandi. Af þeim sökum verður að aðgreina gerðirnar í fyrsta dálki og veita skal upplýsingar sem krafist er í öðrum dálkum sérstaklega fyrir hverja þeirra, þannig að framleiðanda þvottavéla sé gert kleift að meta uppruna framleiðsluvara sinna eftir því hvaða gerð rafhreyfla hann notar.

- (<sup>2</sup>) Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum ef nauðsyn krefst þess. Dæmi:

Í reglu um fatnað úr 62. kafla segir að nota megi garn sem er ekki upprunavara. Ef framleiðandi á slíkum fatnaði í Frakklandi notar innflutta vefnaðarvöru frá Noregi sem fengist hefur þar með því að vefa úr garni sem er ekki upprunavara, nægir norska birginum að lýsa í yfirlýsingu sinni efninu sem er ekki upprunaefni sem garni, án þess að nauðsyn beri til að gefa upplýsingar um ST-númer og verðmæti garnsins.

Framleiðandi járn í vörulið 7217 sem hefur framleitt hann úr járnstöngum sem eru ekki upprunavörur skal setja í annan dálk „járnstangir“. Ef nota á vörinn til framleiðslu vélar, sem heyrir undir upprunareglu um takmörkun á efnum sem eru ekki upprunaefni og eru notuð að ákveðnum hundraðshluta, skal veita upplýsingar í þriðja dálki um verðmæti stanganna sem eru ekki upprunavörur.

- (<sup>3</sup>) Með „verðmæti efna“ er átt við tollverð við innflutning á efnum sem eru notuð og eru ekki upprunavörur, eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, það verð sem fullvíst er að fyrst hafi verið greitt fyrir efnin á EES. Gefa verður upp nákvæmt verðmæti fyrir hvert efni sem er ekki upprunaefni miðað við hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.
- (<sup>4</sup>) Með „heildarvirðisauka“ er átt við allan þann kostnað sem safnast hefur upp utan EES, þar með talið verðmæti allra efnanna sem eru notuð þar. Heildarvirðisauka sem hefur safnast saman utan EES verður að gefa upp nákvæmlega fyrir hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.
-

**VI. VIÐAUKI****Langtímayfirlýsing birgis**

Langtímayfirlýsing birgis, en texti hennar kemur fram hér að neðan, skal gerð í samræmi við neðanmálsgreinarnar. Hins vegar þarf ekki að endurtaka neðanmálsgreinarnar.

## LANGTÍMAYFIRLÝSING BIRGIS

vegna vara sem hlotið hafa aðvinnslu á EES án þess að hafa fengið viðurkenningu um fríðindauppruna

Ég, undirritaður, birgir þeirra vara sem getið er á þessu skjali og eru afhentar reglulega til .....

..... (¹) lýsi því yfir að:

1. Eftirtalin efni sem eru ekki upprunnin á EES hafa verið notuð á EES til að framleiða þessar vörur:

Lýsing á vörunni (²)	Lýsing á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunnin á EES	Númer á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunnin (³)	Verðmæti efna sem eru notuð en eru ekki upprunnin (³) (⁴)
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
		Samtals	.....

2. Öll önnur efni notuð á EES við framleiðslu þessara vara eru upprunnin á EES.

3. Eftirtaldar vörur hafa hlotið aðvinnslu utan EES í samræmi við 11. gr. bókunar 4 við samninginn og hafa fengið þar áunninn heildarvirðisauka sem hér segir:

Lýsing á vörunni	Áunninn heildarvirðisauki sem fékkst utan EES (⁵)
.....	.....
.....	.....
.....	.....



Þessi yfirlýsing gildir fyrir allar síðari vörusendingar sem sendar eru

frá .....

til .....<sup>(6)</sup>

Ég skuldbind mig til að tilkynna .....<sup>(1)</sup> það þegar í stað ef þessi yfirlýsing fellur úr gildi.

.....  
(Staður og dagsetning)

.....  
.....  
.....  
(Heimilisfang og undirskrift birgis; auk þess verður nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

<sup>(1)</sup> Nafn og heimilisfang viðskiptavinar

<sup>(2)</sup> Ef vörureikningur, afhendingarseðill eða annað viðskiptaskjal sem yfirlýsingin er fest við tekur til ýmissa vörutegunda eða vara sem innihalda ekki efni sem eru ekki upprunaefni að sama leyti, verður birgðir að greina vandlega á milli þeirra.

Dæmi:

Skjalið tekur til ýmissa gerða af rafhreyflum í nr. 8501 sem nota á við framleiðslu þvottavéla í nr. 8450. Tegundir og verðmæti efna sem eru ekki upprunaefni og notuð eru við framleiðslu þessara hreyfla er mismunandi. Af þeim sökum verður að aðgreina gerðirnar í fyrsta dálki og veita skal upplýsingar sem krafist er í öðrum dálkum sérstaklega fyrir hverja þeirra, þannig að framleiðanda þvottavéla sé gert kleift að meta uppruna framleiðsluvara sinna eftir því hvaða gerð rafhreyfla hann notar.

<sup>(3)</sup> Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum ef nauðsyn krefst þess. Dæmi:

Í reglu um fatnað úr 62. kafla segir að nota megi garn sem er ekki upprunavara. Ef framleiðandi á slíkum fatnaði í Frakklandi notar innflutta vefnaðarvöru frá Noregi sem fengist hefur þar með því að vefa úr garni sem er ekki upprunavara, nægir birgi í Evrópusambandinu að lýsa í yfirlýsingu sinni efninu sem er ekki upprunaefni sem garni, án þess að nauðsyn beri til að gefa upplýsingar um ST-númer og verðmæti garnsins.

Framleiðandi járn í vörulið 7217 sem hefur framleitt hann úr járnstöngum sem eru ekki upprunavörur skal setja í annan dálk „járnstangir“. Ef nota á vörinn til framleiðslu vélar, sem heyrir undir upprunareglu um takmörkun á efnum sem eru ekki upprunaefni og eru notuð að ákveðnum hundraðshluta, skal veita upplýsingar í þriðja dálki um verðmæti stanganna sem eru ekki upprunavörur.

<sup>(4)</sup> Með „verðmæti efna“ er átt við tollverð við innflutning á efnum sem eru notuð og eru ekki upprunavörur, eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, það verð sem fullvíst er að fyrst hafi verið greitt fyrir efnin á EES. Gefa verður upp nákvæmt verðmæti fyrir hvert efni sem er ekki upprunaefni miðað við hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.

<sup>(5)</sup> Með „heildarvirðisauka“ er átt við allan þann kostnað sem safnast hefur upp utan EES, þar með talið verðmæti allra efnanna sem eru notuð þar. Heildarvirðisauka sem hefur safnast saman utan EES verður að gefa upp nákvæmlega fyrir hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.

<sup>(6)</sup> Færa skal inn dagsetningar. Gildistími yfirlýsingar birgis skal að öðru jöfnu ekki vera lengri en tólf mánuðir samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru af tollyfirvöldum í því landi þar sem yfirlýsing er gefin út.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi viðurkenningu á sönnunum um uppruna sem eru gefnar út innan ramma samninga sem vísað er til í 3. gr. bóknar 4 varðandi framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu, á Íslandi eða í Noregi**

1. Sannanir um uppruna sem eru gefnar út innan ramma samninga sem vísað er til í 3. gr. bóknar 4 varðandi framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu, á Íslandi eða í Noregi skulu viðurkenndar í því skyni að veita friðindameðferð sem kveðið er á um í EES-samningnum.
2. Þessar framleiðsluvörur teljast sem efni sem er upprunnið á EES-svæðinu þegar þær eru notaðar í framleiðsluvöru sem þar er fengin. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.
3. Enn fremur skulu slíkar framleiðsluvörur, falli þær undir EES-samninginn, teljast upprunnar á EES-svæðinu þegar þær eru endurútfluttar til annars samningsríkis EES.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING****varðandi Furstadæmið Andorra**

1. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu viðurkenna að framleiðsluvörur sem eru upprunnar í furstadæminu Andorra og falla undir 25. til 97. kafla í samræmdu tollskránni teljast upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi samningsins.
2. Bókun 4 gildir að breyttu breytanda við skilgreiningu á uppruna framangreindra framleiðsluvara.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING****varðandi Lýðveldið San Marínó**

1. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu viðurkenna að framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Lýðveldinu San Marínó teljast upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi samningsins.
2. Bókun 4 gildir að breyttu breytanda við skilgreiningu á uppruna framangreindra framleiðsluvara.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi uppsögn samningsaðila að svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita friðindi**

1. Sendi aðili að EES-samningnum skriflega tilkynningu til vörsluaðila svæðisbundna samningsins um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita friðindi um þá ætlan sína að segja sig frá samningnum samkvæmt 9. gr. hans, skal uppsagnaraðili þegar í stað hefja samningaviðræður um upprunareglur við alla aðra aðila að EES-samningnum í því skyni að hrinda þessum samningi í framkvæmd.
2. Upprunareglur sem er að finna í I. viðbæti og, ef við á, viðeigandi ákvæði í II. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita friðindi, sem eru í gildi við uppsögnina, skulu, að breyttu breytanda, gilda milli uppsagnaraðila og annarra aðila að EES-samningnum þar til nýjar upprunareglur sem samið er um öðlast gildi. Upprunareglur sem er að finna í I. viðbæti og, ef við á, viðeigandi ákvæði II. viðbætis samningsins skulu þó, frá og með uppsögninni, túlkaðar á þann veg að þær heimili tvíhliða uppsöfnun réttinda aðeins milli uppsagnaraðilans og hinna aðilanna að EES-samningnum.“

VIÐBÆTIR A {<sup>6</sup>}

## VALKVÆÐAR VIÐEIGANDI UPPRUNAREGLUR

Reglur sem samningsaðilum að svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita friðindi (hér á eftir nefndur „svæðisbundni samningurinn“) er valfrjálst að beita á meðan beðið er gerðar og gildistöku breytingar á svæðisbundna samningnum (hér á eftir nefndar „reglurnar“ eða „umbreytingarreglurnar“)

*SKILGREINING Á HUGTAKINU „UPPRUNAVÖRUR“*

*OG FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA*

## EFNISYFIRLIT

- |            |   |
|------------|---|
| I. BÁLKUR  | ALMENN ÁKVÆÐI                               |
| 1. gr.     | Skilgreiningar                              |
| II. BÁLKUR | SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“      |
| 2. gr.     | Almennar kröfur                             |
| 3. gr.     | Að öllu leyti heimafengnar framleiðsluvörur |
| 4. gr.     | Fullnægjandi aðvinnsla                      |
| 5. gr.     | Regla um vikmörk                            |
| 6. gr.     | Ófullnægjandi aðvinnsla                     |
| 7. gr.     | Uppsöfnun uppruna                           |
| 8. gr.     | Skilyrði fyrir beitingu uppsöfnunar uppruna |
| 9. gr.     | Skilgreiningareining                        |

{<sup>6</sup>} Viðbæti A var bætt við með ákvörðun nr. 163/2022 (Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 133 og EES-viðbæti nr. 61, 22.9.2022, bls. 128), gildistaka 30.4.2022. Hann kemur til framkvæmda frá 1. september 2021.

- 
10. gr.            **Samstæður**
11. gr.            **Atriði sem hafa ekki áhrif**
12. gr.            **Aðskilið bókhald**
- III. BÁLKUR      **SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI**
13. gr.            **Meginreglan um yfirráðasvæði**
14. gr.            **Óbreytt ástand**
15. gr.            **Sýningar**
- IV. BÁLKUR      **ENDURGREIÐSLA EÐA UNANÞÁGA**
16. gr.            **Endurgreiðsla á eða undanþága frá tollum**
- V. BÁLKUR      **SÖNNUN Á UPPRUNA**
17. gr.            **Almennar kröfur**
18. gr.            **Skilyrði fyrir gerð upprunayfirlýsingar**
19. gr.            **Viðurkenndur útflytjandi**
20. gr.            **Verklag við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis**
21. gr.            **EUR.1-flutningsskírteini gefin út eftir á**
22. gr.            **Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteini**
23. gr.            **Gildistími sönnunar á uppruna**
24. gr.            **Frísvæði**
25. gr.            **Kröfur varðandi innflutning**
26. gr.            **Innflutningur í áföngum**

27. gr. **Undanþágur frá sönnunum á uppruna**  
28. gr. **Ósamræmi og villur í framsetningu**  
29. gr. **Yfirlýsingar birgis**  
30. gr. **Fjárhæðir gefnar upp í evrum**

**VI. BÁLKUR MEGINREGLUR UM SAMVINNU OG SKJALFESTA SÖNNUN**

31. gr. **Skjalfest sönnun, varðveisla sannana á uppruna og fylgiskjala**  
32. gr. **Lausn deilumála**

**VII. BÁLKUR SAMVINNA STJÓRNVALDA**

33. gr. **Tilkynning og samvinna**  
34. gr. **Sannprófun vegna sannana á uppruna**  
35. gr. **Sannprófun á yfirlýsingum birgis**  
36. gr. **Viðurlög**

**VIII. BÁLKUR BEITING VIÐBÆTIS**

37. gr. **Liechtenstein**  
38. gr. **Lýðveldið San Marínó**  
39. gr. **Furstadæmið Andorra**  
40. gr. **Ceuta og Melilla**

Skrá yfir viðauka

I. VIÐAUKI: **Skýringar við skrá II. viðauka**

II. VIÐAUKI: **Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunaefni, sem þarf til að framleiðsluvaran  
öðlist upprunaréttindi**

III. VIÐAUKI: **Texti upprunayfirlýsingar**

IV. VIÐAUKI: **Sýnishorn af EUR.1-flutningsskírteini og umsókn um EUR.1-flutningsskírteini**

V. VIÐAUKI: **Sérstök skilyrði varðandi vörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla**

VI. VIÐAUKI: **Yfirlýsing birgis**

VII. VIÐAUKI: **Langtímayfirlýsing birgis**

## I. BÁLKUR

### ALMENN ÁKVÆÐI

*1. gr.*

#### *Skilgreiningar*

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „framkvæmdarsamningsaðili“: samningsaðili að svæðisbundna samningnum sem fellir þessar reglur inn í tvíhliða samninga sína um fríðindaviðskipti við annan samningsaðila að svæðisbundna samningnum og tekur einnig til samningsaðilanna að EES-samningnum,
- b) „kaflar“, „vöruliðir“ og „undirliðir“: kaflar, vöruliðir og undirliðir (fjögurra eða sex tölustafa tákni) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána („samræmda tollskráin“) með breytingum samkvæmt tilmælum tollasamvinnuráðsins frá 26. júní 2004,
- c) „flokkað“: flokkun vöru undir tilteknum kafla, vörulið eða undirlið í samræmdu tollskránni,
- d) „vörusending“: framleiðsluvörur sem eru annaðhvort:
  - i) sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða
  - ii) vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vörureikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi,
- e) „tollyfirvöld samningsaðila eða framkvæmdarsamningsaðila“: að því er varðar Evrópusambandið tollyfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins,
- f) „tollverð“: verð sem ákveðið er í samræmi við samninginn um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun),
- g) „verksmiðjuverð“: verð sem framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaadvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er og allur annar kostnaður við framleiðslu hennar, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út. Ef gerður hefur verið undirverktakasamningur við framleiðanda um lokaadvinnslna vísar hugtakið „framleiðandi“ til fyrirtækisins sem ræður undirverktakann.

Ef raunverulegt verð sem greitt er endurspeglar ekki allan þann kostnað við framleiðslu vörunnar sem stofnað er til í reynd á Evrópska efnahagssvæðinu merkir „verksmiðjuverð“ summu alls þessa kostnaðar, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út,
- h) „jafngeng efni“ eða „jafngeng framleiðsluvara“: efni eða framleiðsluvara sem eru sams konar og af sömu gæðum í viðskiptalegu tilliti, með sömu tæknilegu og efnislegu eiginleikana, og verða ekki greind sundur,

- 
- i) „vara“: bæði efni og framleiðsluvara,
  - j) „framleiðsla“: hvers konar aðvinnsla, þ.m.t. samsetning,
  - k) „efni“: hvers konar efnisþáttur, hráefni, íhluti eða hluti o.s.frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar,
  - l) „hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni“: hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni sem leyfilegt er svo hægt sé að líta á framleiðslu sem nægilega aðvinnslu til að veita framleiðsluvörunni upprunaréttindi. Það má setja fram sem hundradshluta af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða hundradshluta af nettóþyngd þessara efna sem falla undir tiltekinn flokk af köflum, kafla, vörulið eða undirlið,
  - m) „framleiðsluvara“: vara sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar,
  - n) „yfirráðasvæði“: yfirráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi samningsaðila að EES-samningnum sem EES-samningurinn gildir um,
  - o) „virðisauki“: verksmiðjuverð framleiðsluvörunnar að frádregnu tollverði hvers efnis sem er notað og upprunið er hjá hinum framkvæmdarsamningsaðilunum þar sem uppsöfnun á við, eða, ef tollverð er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnin á Evrópska efnahagssvæðinu,
  - p) „verðmæti efnis“: tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef ákvarða þarf verðmæti upprunaefna sem notuð eru skal þessi liður gilda að breyttu breytanda.



## II. BÁLKUR

### SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

#### 2. gr.

##### *Almennar kröfur*

1. Eftirtaldar framleiðsluvörur skulu, við framkvæmd EES-samnings, teljast upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu:
  - a) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi 3. gr.,
  - b) framleiðsluvörur fengnar á Evrópska efnahagssvæðinu, sem í eru notuð efni sem eru ekki að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi 4. gr.

Í þessu skyni skal líta á yferráðasvæði samningsaðila að EES-samningnum sem samningurinn á við um sem eitt yferráðasvæði.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal yferráðasvæði Furstadæmisins Liechtensteins ekki heyra undir Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar ákvörðun um uppruna framleiðsluvara sem um getur í töflu I og II við bókun 3 og slíkar vörur skulu því aðeins teljast upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu að þær séu fengnar að öllu leyti eða hafi hlotið nægilega aðvinnslu á yferráðasvæðum samningsaðila að EES-samningnum.

#### 3. gr.

##### *Að öllu leyti heimafengnar framleiðsluvörur*

1. Eftirtaldar vörur teljast fengnar að öllu leyti á Evrópska efnahagssvæðinu:
  - a) jarðefni og náttúrulegt vatn, unnið úr jörðu eða hafsbotni þar,
  - b) plöntur, þ.m.t. vatnplöntur, og vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar eða skornar upp,
  - c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin,
  - d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin,
  - e) afurðir aflífaðra dýra sem þar eru borin og alin,
  - f) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar,
  - g) afurðir lagareldis þar sem fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar eru klakin eða alin þar frá lirfu, seiði eða smáfiski,

- h) sjávarafurðir og aðrar afurðir sem skip þess draga úr sjó utan landhelgi,
  - i) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess, eingöngu úr afurðum sem um getur í h-lið,
  - j) notaðir hlutir sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr,
  - k) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar,
  - l) framleiðsluvörur unnar úr yfirborðslögum eða undirlögum hafsbotsins utan landhelgi þess en þar sem fyrir hendi er einkaréttur til nýtingar,
  - m) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til l-lið.
2. Orðin „skip þess“ og „verksmiðjuskip þess“ í h- og i-lið 1. mgr., eftir því sem við á, eiga aðeins við um skip og verksmiðjuskip sem uppfylla sérhverja eftirfarandi kröfu:
- a) þau eru skráð í aðildarríki Evrópusambandsins eða í EFTA-ríki,
  - b) þau sigla undir fána aðildarríkis Evrópusambandsins eða EFTA-ríkis,
  - c) þau uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:
    - i) þau eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eigu ríkisborgara samningsaðila að EES-samningnum eða
    - ii) þau eru í eigu fyrirtækja sem:
      - hafa aðalskrifstofu og höfuðstöðvar sínar í í aðildarríki Evrópusambandsins eða í EFTA-ríki og
      - eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eigu í samningsaðilanna að EES-samningnum eða opinberra aðila eða ríkisborgara þeirra.
3. Að því er 2. mgr. varðar er litið á EFTA-ríkin sem einn framkvæmdarsamningsaðila.

#### 4. gr.

#### **Fullnægjandi aðvinnsla**

1. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar og 6. gr. skulu framleiðsluvörur, sem eru ekki að öllu leyti fengnar á Evrópska efnahagssvæðinu, teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðunum sem mælt er fyrir um í skránni í II. viðauka verið fullnægt að því er viðkomandi vörur varðar.
2. Ef framleiðsluvara sem öðlast hefur upprunaréttindi á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við 1. mgr. er notuð sem efni í framleiðslu á annarri framleiðsluvöru skal ekki taka tillit til efna sem kunna að hafa verið notuð við framleiðslu hennar og eru ekki upprunaefni.
3. Taka skal ákvörðun um hvort kröfur 1. mgr. hafi verið uppfylltar fyrir hverja framleiðsluvöru.

Ef viðkomandi regla er hins vegar byggð á því að farið sé skilyrðum um hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni geta töllyfirvöld samningsaðila að EES-samningnum heimilað útflytjendum að reikna út verksmiðjuverð framleiðsluvörunnar og verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni á grundvelli meðaltals, eins og fram kemur í 4. mgr., til þess að taka tillit til sveiflna í kostnaði og í gengi gjaldmiðla.

4. Þegar önnur undirgrein 3. mgr. á við skal reikna út meðaltal verksmiðjuverðs framleiðsluvörunnar og meðalverðmæti efna sem ekki eru upprunaefni, eftir því sem við á, á grundvelli summu verksmiðjuverðs fyrir alla sölu á sömu framleiðsluvörum á fyrra reikningsári og summu verðmætis alls efnis, sem ekki er upprunaefni og notað er í framleiðslu sömu framleiðsluvara á fyrra reikningsári, eins og það er skilgreint hjá þeim sammingsaðila að EES-samningnum eða, ef tölur fyrir heilt reikningsár liggja ekki fyrir, á styttra tímabili sem skal vera a.m.k. þrjú mánuðir.
5. Útflýjendur, sem hafa valið að nota útreikning á meðaltalsgrunni, skulu gæta þess að beita slíkri aðferð með samræmdum hætti á næsta ári á eftir viðmiðunarreikningsárinu eða, eftir því sem við á, næsta ári á eftir styttra tímabili sem er notað sem viðmiðun. Þeir geta hætt að beita þeirri aðferð ef þeir skrá, á tilteknu reikningsári eða styttra viðmiðunartímabili sem er a.m.k. þrjú mánuðir, að sveiflur í kostnaði eða gengi gjaldmiðla, sem réttlættu notkun slíkrar aðferðar, séu ekki lengur fyrir hendi.
6. Nota skal meðaltölin sem um getur í 4. mgr. sem verksmiðjuverð og verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni, eftir því sem við á, í þeim tilgangi að koma á samræmi við skilyrðið um hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni.

5. gr.

**Regla um vikmörk**

1. Þrátt fyrir 4. gr. og með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar má engu að síður nota efni sem ekki eru upprunaefni, sem samkvæmt skilyrðunum í skránni í II. viðauka er óheimilt að nota við framleiðslu tiltekinnar framleiðsluvöru, að því tilskildu að samanlögð nettóþyngd þeirra eða metið verðmæti af framleiðsluvörunni fari ekki yfir:
  - a) 15% af nettóþyngd framleiðsluvöru sem fellur undir 2. kafla og 4.–24. kafla, þó ekki unnar fiskafurðir í 16. kafla,
  - b) 15% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar að því er varðar aðrar framleiðsluvörur en þær sem falla undir a-lið.Þessi málsgrein á ekki við um framleiðsluvörur sem falla undir 50.–63. kafla samræmdu tollskrárinnar en þau vikmörk sem getið er í skýringum 6 og 7 í I. viðauka skulu gilda um þær.
2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki heimila að farið sé yfir þær hundraðshlutatölur hámarksinnihalds efna sem ekki eru upprunaefni sem tilgreindar eru í reglunum sem mælt er fyrir um í skránni í II. viðauka.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um framleiðsluvörur sem eru að öllu leyti fengnar á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi 3. gr. Með fyrirvara um 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. skulu vikmörkin, sem kveðið er á um í þessum ákvæðum, þó engu að síður gilda um framleiðsluvörur ef reglan, sem mælt er fyrir um í skránni í II. viðauka, krefst þess að efnin, sem notuð eru við framleiðslu vörunnar, séu að öllu leyti heimaefngin.

*6. gr.***Ófullnægjandi aðvinnsla**

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar teljast eftirfarandi aðgerðir vera ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi, óháð því hvort kröfum 4. gr. hafi verið fullnægt:
  - a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu standur,
  - b) uppskipting og sameining pakkninga,
  - c) þvottur, hreinsun; ryk, ryð, olía, málning og annað yfirborðsefni fjarlægt,
  - d) straujun og pressun spunaefna,
  - e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja,
  - f) afhýðing og slípun (milling) hrísgrjóna, að hluta eða að öllu leyti; fæging og gljáhúðun korns og hrísgrjóna,
  - g) aðgerðir til að lita eða bragðbæta sykur eða búa til sykurmola; mölun kristalsykurs í heild eða að hluta,
  - h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti,
  - i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður,
  - j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður),
  - k) einföld setning á flöskur, í dósir, brúsa, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir,
  - l) festing eða prentun merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra,
  - m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki,
  - n) blöndun sykurs við hvers kyns efni,
  - o) einföld viðbót vatns eða þynning eða vatnssneyðing eða mengun/eðlissvipting (denaturation) framleiðsluvara,
  - p) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutun framleiðsluvara í vöruhluta,
  - q) slátrun dýra,
  - r) sambland tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til q-lið.
2. Taka skal tillit til allra aðgerða, sem fara fram á Evrópska efnahagssvæðinu á tiltekinni framleiðsluvöru, þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.

*7. gr.***Uppsöfnun uppruna**

1. Með fyrirvara um 2. gr. skulu framleiðsluvörur taldar upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu ef slíkar framleiðsluvörur eru fengnar þar og innihalda efni sem upprunnin eru hjá framkvæmdarsamningsaðila, að því tilskildu að sú aðvinnsla sem fer fram á Evrópska efnahagssvæðinu sé meiri en aðvinnslan sem um getur í 6. gr. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.

2. Ef aðvinnsla sem fram fer á Evrópska efnahagssvæðinu er ekki umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr. skal framleiðsluvara, sem fengin er með því að nota í hana efni sem eru upprunnin hjá öðrum framkvæmdarsamningsaðila, einungis talin upprunnin á Evrópska efnahagssvæðinu ef virðisaukinn þar er meiri en verðmæti þeirra efna sem notuð voru og upprunnin eru hjá hinum framkvæmdarsamningsaðilunum. Að öðrum kosti skal framleiðsluvaran talin upprunnin hjá þeim framkvæmdarsamningsaðila þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð voru við framleiðslu á Evrópska efnahagssvæðinu, voru mest.
3. Með fyrirvara um 2. gr. og að frátöldum framleiðsluvörum sem falla undir 50.-63. kafla skal líta á aðvinnslu, sem fram fer hjá framkvæmdarsamningsaðila öðrum en samningsaðila að EES-samningnum, sem aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu þegar framleiðsluvörurnar fá síðari aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Með fyrirvara um 2. gr. skal, að því er varðar framleiðsluvörur sem falla undir 50.–63. kafla og aðeins vegna tvíhliða viðskipta milli samningsaðilanna að EES-samningnum, líta á aðvinnslu sem fram fer hjá innflutningssamningsaðila að EES-samningnum sem aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu þegar framleiðsluvörurnar fá síðari aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu.  
  
Að því er þessa málsgrein varðar skal líta á þátttakendur í stöðugleika- og samstarfsferli Evrópusambandsins og Lýðveldið Moldóvu sem einn framkvæmdarsamningsaðila.
5. Samningsaðilar að EES-samningnum geta ákveðið í sameiningu, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, að framlengja beitingu 3. mgr. þessarar greinar um innflutning á framleiðsluvörum sem falla undir 50.-63. kafla.
6. Að því er uppsöfnun varðar í skilningi 3.–5. mgr. þessarar greinar skulu upprunavörurnar einungis taldar upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu ef aðvinnslan þar er umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr.
7. Framleiðsluvörur, sem upprunnar eru hjá einum framkvæmdarsamningsaðilanna og fá ekki neina aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu, skulu halda uppruna sínum við útflutning til einhvers hinna samningsaðilanna að EES-samningnum.

8. gr.

**Skilyrði fyrir beitingu uppsöfnunar uppruna**

1. Uppsöfnun sem kveðið er á um í 7. gr. getur einungis farið fram ef:
  - a) fríðindasamningur í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 („GATT-samningurinn frá 1994“) gildir milli þeirra framkvæmdarsamningsaðila sem eiga þátt í öflun upprunaréttinda og samningsaðila að EES-samningnum sem er ákvörðunarstaður og
  - b) vörur hafa öðlast upprunaréttindi við beitingu sams konar upprunareglna og eru í þessum reglum.
2. Birta skal auglýsingar um að nauðsynlegar kröfur vegna beitingar uppsöfnunar hafi verið uppfylltar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (C-deild) og í opinberri birtingu hinna samningsaðilanna að EES-samningnum, í samræmi við málsmeðferðarreglur þeirra.

Uppsöfnunin sem kveðið er á um í 7. gr. skal gilda frá þeim degi sem tilgreindur er í þessum auglýsingum.

Samningsaðilarnir að EES-samningnum skulu láta framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í té ítarlegar upplýsingar um viðeigandi samninga sem gerðir hafa verið við aðra framkvæmdarsamningsaðila, þ.m.t. dagsetningarnar þegar þessar reglur tóku gildi.

3. Í sönnun á uppruna ætti að koma fram á ensku yfirlýsingin „CUMULATION APPLIED WITH (heiti viðkomandi framkvæmdarsamningsaðila, eins eða fleiri, á ensku)“ þegar framleiðsluvörur öðluðust upprunaréttindi með beitingu uppsöfnunar uppruna í samræmi við 7. gr.

Í tilvikum þar sem EUR.1-flutningsskírteini er notað sem sönnun á uppruna skal þessi yfirlýsing koma fram í reit 7 á EUR.1-flutningsskírteininu.

4. Samningsaðilarnir að EES-samningnum geta ákveðið, að því er varðar framleiðsluvörur sem eru fluttar út innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa öðlast upprunaréttindi með beitingu uppsöfnunar uppruna í samræmi við 7. gr., að veita undanþágu frá þeirri skyldu að setja yfirlýsinguna, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar {7}, í sönnun á uppruna.

Samningsaðilarnir að EES-samningnum skulu tilkynna um undanþáguna til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr.

9. gr.

#### ***Skilgreiningareining***

1. Skilgreiningareining vegna beitingar þessara reglna skal vera sú framleiðsluvara sem telst grunneining þegar flokkun er ákvörðuð samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar. Af þessu leiðir að:
  - a) þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum er flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið telst heildin vera ein skilgreiningareining,
  - b) þegar vörusending samanstendur af mörgum framleiðsluvörum af sama tagi, sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal taka tillit til hvers einstaks hlutar þegar þessum reglum er beitt.
2. Þegar umbúðir eru skv. 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.
3. Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verksmiðjuverðinu skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

---

{7} Samningsaðilarnir að EES-samningnum samþykkja að veita undanþágu frá þeirri skyldu að setja yfirlýsinguna, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., í sönnun á uppruna.

*10. gr.****Samstæður***

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruihlutar eru upprunavörur.

Þegar samstæða er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur skal hún engu að síður öll teljast upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara, sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15% af verksmiðjuverði samstæðunnar.

*11. gr.****Atriði sem hafa ekki úhrif***

Þegar ákvarða skal hvort framleiðsluvara telst vera upprunavara skal ekki taka tillit til uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:

- a) orku og eldsneytis,
- b) verksmiðju og búnaðar,
- c) véla og verkfæra,
- d) allra annarra vara sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörinni fullgerðri.

*12. gr.****Aðskilið bókhald***

1. Ef jafngeng efni, sem eru upprunaefni og sem ekki eru upprunaefni eru notuð í aðvinnslu framleiðsluvöru, geta atvinnurekendur tryggt stjórnun efna með aðskildu bókhaldi, án þess að hafa efnin í aðgreindum vörubirgðum.
2. Atvinnurekendur geta tryggt stjórnun jafngengra framleiðsluvara, sem eru eða eru ekki upprunavörur, í vörulið 1702 með því að nota aðskilið bókhald, án þess að hafa þær í aðgreindum vörubirgðum.
3. Samningsaðilarnir að EES-samningnum geta krafist þess að beiting aðskilins bókhalds skuli háð fyrirframleyfi tollyfirvalda. Tollyfirvöldin geta veitt leyfið með hverjum þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og þau skulu hafa eftirlit með notkun leyfisins. Tollyfirvöldum er heimilt að afturkalla leyfið ef handhafi þess nýtir það með óviðeigandi hætti eða fullnægir ekki einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessum reglum.

Með notkun aðskilins bókhalds verður að vera tryggt að aldrei teljist fleiri framleiðsluvörur „upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu“ en hefði verið ef notuð hefði verið sú aðferð að aðskilja vörubirgðir í reynd.

Þessari aðferð skal beita og beiting hennar skal skráð á grundvelli almennra bókhaldsreglna sem gilda hjá samningsaðilanum að EES-samningnum.

4. Sá sem nýtir góðs af aðferðinni sem um getur í 1. og 2. mgr. skal útbúa eða sækja um sönnun á uppruna fyrir því magni framleiðsluvara sem getur talist upprunið á Evrópska efnahagssvæðinu. Hann skal leggja fram, að beiðni tollyfirvalda, yfirlýsingu þar sem fram kemur með hvaða hætti magninu hefur verið stýrt.

### III. BÁLKUR

#### SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

##### 13. gr.

##### *Meginreglan um yfirráðasvæði*

1. Uppfylla skal skilyrðin sem eru sett fram í II. bálki óslitið á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Ef upprunavörur sem eru fluttar út frá Evrópska efnahagssvæðinu til annars lands eru fluttar inn aftur skulu þær ekki teljast vera upprunavörur nema hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
  - a) framleiðsluvörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út og
  - b) ekki hafi verið gerðar á þeim neinar aðgerðir umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að varðveita gæði þeirra í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.
3. Aðvinnsla utan Evrópska efnahagssvæðisins á efnum sem flutt eru út frá Evrópska efnahagssvæðinu og síðan aftur flutt þangað inn hefur engin áhrif á öflun upprunaréttinda í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í II. bálki, að því tilskildu að:
  - a) efnin hafi verið fengin að öllu leyti hjá Evrópska efnahagssvæðinu eða hlotið þar aðvinnslu umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr. áður en þau voru flutt út og
  - b) hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
    - i) endurinnfluttu framleiðsluvörurnar hafi orðið til við aðvinnslu hinna útfluttu efna og
    - ii) heildarupphæð virðisauka sem er áunninn utan Evrópska efnahagssvæðisins og fæst með beitingu þessarar greinar sé ekki meiri en 10% af verksmiðjuverði þeirrar fullunnar framleiðsluvöru sem upprunaréttinda er krafist fyrir.
4. Að því er varðar 3. mgr. þessarar greinar skulu skilyrði í II. bálki um öflun upprunaréttinda ekki gilda um aðvinnslu utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef reglu í skrá II. viðauka um hámarksverð fyrir öll efni, sem eru notuð en eru ekki upprunaefni, er hins vegar beitt til að ákvarða uppruna fullunninnar framleiðsluvöru skal heildarverðmæti efna, sem eru notuð á yfirráðasvæði samningsaðilans að EES-samningnum en eru ekki upprunaefni, ásamt heildarvirðisauka sem fæst utan Evrópska efnahagssvæðisins með beitingu þessarar greinar, ekki vera hærra en uppgefinn hundraðshluti.
5. Að því er 3. og 4. mgr. varðar skal „heildarvirðisauki“ merkja allur sá kostnaður sem safnast hefur saman utan Evrópska efnahagssvæðisins, að meðtöldu verðmæti efnanna sem bætast við þar.
6. Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki um framleiðsluvörur sem fullnægja ekki skilyrðum II. viðauka eða geta einungis talist hafa hlotið nægilega aðvinnslu þegar beitt er almennum vikmörkum sem eru fastsett í 5. gr.



7. Hvers konar aðvinnsla utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem fellur undir þessa grein, skal fara fram á grundvelli fyrirkomulags um ytri aðvinnslu eða sambærilegs fyrirkomulags.

14. gr.

**Óbreytt ástand**

1. Friðindameðferðin sem kveðið er á um samkvæmt EES-samningnum skal aðeins gilda um framleiðsluvörur sem uppfylla kröfur þessara reglna og gefnar eru upp til innflutnings hjá samningsaðila að EES-samningnum, að því tilskildu að þessar framleiðsluvörur séu þær sömu og voru fluttar út frá útflutningssamningsaðila að EES-samningnum. Engar breytingar mega hafa verið gerðar á þeim eða þeim umbreytt á nokkurn hátt eða á þeim gerðar aðrar aðgerðir en til að varðveita þær í góðu ástandi eða bæta við eða festa á merki, miða, innsigli eða önnur skjöl til að tryggja að farið sé að sértækum innlendum kröfum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum, sem gerðar eru undir eftirliti tollyfirvalda í þriðja umflutningslandi eða löndum, eða skipta þeim upp áður en því hefur verið lýst yfir að varan sé til notkunar innanlands.
2. Heimilt er að geyma framleiðsluvörur eða vörusendingar að því tilskildu að þær séu undir eftirliti tollyfirvalda í þriðja umflutningslandi eða löndum.
3. Með fyrirvara um V. bálk þessa viðbætis er heimilt að skipta upp vörusendingum að því tilskildu að þær séu undir eftirliti tollyfirvalda í því þriðja landi eða löndum þar sem þeim er skipt.
4. Ef upp kemur efi getur innflutningssamningsaðili að EES-samningnum farið fram á það við innflytjandann eða fulltrúa hans að hann leggi fram, hvenær sem er, öll viðeigandi gögn til að sanna að farið hafi verið að þessari grein, sem geta verið hvers kyns skjalfestar sannanir, einkum:
  - a) samningsbundin flutningsskjöl, s.s. farmbréf,
  - b) staðreyndir eða öruggar vísendingar byggðar á merkingu eða númeraröð umbúða,
  - c) vottorð um að ekki hafi verið átt við vöruna frá tollyfirvöldum í landi eða löndum umflutnings eða skiptingar eða önnur skjöl sem sýna fram á að vörunar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalds í landi eða löndum umflutnings eða skiptingar,
  - d) sannanir sem tengjast vörunum sjálfum.

15. gr.

**Sýningar**

1. Upprunavörur, sem sendar eru á vörusýningu í öðru landi en þar sem uppsöfnun á við í samræmi við 7. og 8. gr. og seldar eru eftir sýninguna til innflutnings á Evrópska efnahagssvæðið, skulu við innflutninginn njóta hags af EES-samningnum, að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
  - a) útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá samningsaðila að EES-samningnum til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar,
  - b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda hjá öðrum samningsaðila að EES-samningnum,

- 
- c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar og
  - d) framleiðsluvörurnar hafi ekki, frá því að þær voru sendar til sýningar, verið notaðar í öðru skyni en til viðkomandi sýningar.
2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við V. bálk þessa viðbætis og lögð fram með venjulegum hætti hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast skjalfestra viðbótarsönnunargagna um við hvaða aðstæður þær hafa verið sýndar.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um allar vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýningar, kaupstefnur eða áþekkar opinberar sýningar sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar framleiðsluvörur, enda séu þær undir tollefirliti meðan á sýningu stendur.

**IV. BÁLKUR**  
**ENDURGREIÐSLA EÐA UNÐANÞÁGA**

*16. gr.*

***Endurgreiðsla á eða undanþágu frá tollum***

1. Efni, sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem falla undir 50.–63. kafla samræmdu tollskrárinnar og sem eru upprunavörur á Evrópska efnahagssvæðinu og gefin hefur verið út eða útbúin sönnun á uppruna fyrir í samræmi við V. bálk þessa viðbætis, skulu ekki njóta endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum hjá útflutningssamningsaðila að EES-samningnum.
2. Bannið í 1. mgr. gildir um hvers konar fyrirkomulag varðandi endurgreiðslur, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum, að fullu eða að hluta, á tollum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif sem beitt er hjá útflutningssamningsaðila að EES-samningnum vegna efna sem notuð eru við framleiðslu, ef slíkum endurgreiðslum, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum er beitt, beint eða í reynd, þegar framleiðsluvaran, sem unnin er úr áðurnefndum efnum, er flutt út en ekki þegar hún er til notkunar innanlands.
3. Útflytjandi framleiðsluvöru, sem sönnun á uppruna tekur til, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tolyfirvalda, öll tilheyrandi skjöl því til staðfestingar að ekki hafi verið um endurgreiðslu að ræða fyrir þau efni sem eru ekki upprunaefni og notuð voru við framleiðslu á viðkomandi vöru og að allir tollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif og falla á slík efni, hafi verið greidd.
4. Bannið í 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki um viðskipti milli samningsaðilanna að EES-samningnum með framleiðsluvörur sem öðluðust upprunaréttindi með beitingu uppsöfnunar á uppruna sem fellur undir 4. eða 5. mgr. 7. gr.

**V. BÁLKUR**  
**SÖNNUN Á UPPRUNA**

*17. gr.*

***Almennar kröfur***

1. Við innflutning til samningsaðila að EES-samningnum skulu upprunavörur njóta hags af ákvæðum EES-samningsins gegn framvísun einnar af eftirfarandi sönnunum á uppruna:
  - a) EUR.1-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í IV. viðauka við þennan viðbæti,
  - b) í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 18. gr., yfirlýsingar, hér á eftir nefnd „upprunayfirlýsing“, sem útflytjandi gefur á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi framleiðsluvörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær; texti upprunayfirlýsingarinnar kemur fram í III. viðauka við þennan viðbæti.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu upprunavörur í skilningi þessara reglna, í þeim tilvikum sem greint er frá í 27. gr., njóta hags af ákvæðum EES-samningsins án þess að nauðsynlegt sé að framvísa einhverri þeirra sannana á uppruna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Með fyrirvara um 1. mgr. geta samningsaðilarnir að EES-samningnum komið sér saman um að í stað sannananna á uppruna sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. komi, í fríðindaviðskiptum þeirra á milli, upprunayfirlýsingar útflytjenda sem eru skráðir í rafrænt gagnasafn í samræmi við innlenda löggjöf samningsaðilanna að EES-samningnum.

Notkun upprunayfirlýsingar, sem útflytjendur, skráðir í rafrænt gagnasafn, útbúa og tveir eða fleiri framkvæmdarsamningsaðilar koma sér saman um, skal ekki koma í veg fyrir notkun þríhlíða uppsöfnunar með öðrum framkvæmdarsamningsaðilum.

4. Að því er 1. mgr. varðar geta samningsaðilarnir að EES-samningnum komið sér saman um að koma á fót kerfi sem heimilar rafræna útgáfu og/eða framlagningu sannana á uppruna sem skráðar eru í a- og b-lið 1. mgr.
5. Að því er 7. gr. varðar, ef 4. mgr. 8. gr. á við, skal útflytjandi, sem hefur staðfestu hjá framkvæmdarsamningsaðila og gefur út eða sækir um sönnun á uppruna á grundvelli annarrar sönnunar á uppruna sem nýtur góðs af undanþágu frá skyldunni til að setja inn yfirlýsinguna sem annars er krafist skv. 3. mgr. 8. gr., gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrðin vegna beitingar uppsöfnunar séu uppfyllt og skal vera reiðubúinn að leggja öll viðeigandi skjöl fyrir tollyfirvöld.

*18. gr.*

***Skilyrði fyrir gerð upprunayfirlýsingar***

1. Heimilt er að upprunayfirlýsing, sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr., sé útbúin:

- a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 19. gr. eða
  - b) af útflytjanda vörusendingar sem samanstendur af einum eða fleiri þökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti ekki meira en 6 000 evrur.
2. Heimilt er að útbúa upprunayfirlýsingu ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu eða hjá framkvæmdarsamningsaðila og fullnægja öðrum kröfum þessara reglna.
  3. Útflytjandinn, sem útbýr upprunayfirlýsingu, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollfyrivalda útflutningssamningsaðila að EES-samningnum, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara og að öðrum kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt.
  4. Upprunayfirlýsing skal útbúin með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í III. viðauka við þennan viðbæti og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem fram kemur í þeim viðauka og í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifað með bleki og prentstöfum.
  5. Upprunayfirlýsingar skulu vera undirritaðar af útflytjanda eigin hendi. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi, í skilningi 19. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollfyrivöldum útflutningssamningsaðila að EES-samningnum skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á upprunayfirlýsingunni eins og hann hafi undirritað hana eigin hendi.
  6. Útflytjandinn getur útbúið upprunayfirlýsingu þegar framleiðsluvörurnar, sem hún tekur til, eru fluttar út eða síðar („afturvirk upprunayfirlýsing“), með því skilyrði að henni sé framvísað hjá innflutningssamningsaðilanum eigi síðar en tveimur árum eftir innflutning framleiðsluvaranna sem hún á við um.

Þegar vörusendingu er skipt upp í samræmi við 3. mgr. 14. gr. og að því tilskildu að sama tveggja ára tímabil sé virt skal viðurkenndur útflytjandi framleiðsluvaranna hjá útflutningssamningsaðila að EES-samningnum útbúa afturvirku upprunayfirlýsingu.

#### 19. gr.

#### Viðurkenndur útflytjandi

1. Tollfyrivöld útflutningssamningsaðila að EES-samningnum geta, með fyrirvara um innlendar kröfur, heimilað hverjum þeim útflytjanda sem hefur staðfestu hjá þeim samningsaðila að EES-samningnum („viðurkenndur útflytjandi“) að útbúa upprunayfirlýsingar óháð verðmæti viðkomandi framleiðsluvara.
2. Útflytjandi sem fer fram á slíka heimild verður að láta í té, svo fullnægjandi sé að mati tollfyrivalda, allar nauðsynlegar tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt.
3. Tollfyrivöldin skulu láta viðurkenndum útflytjanda í té tollleyfisnúmer sem skal koma fram á upprunayfirlýsingunni.
4. Tollfyrivöldin skulu sannreyna rétta notkun leyfis. Þau geta afturkallað leyfið ef viðurkenndi útflytjandinn nýtir það með óviðeigandi hætti og skulu gera það ef viðurkenndi útflytjandinn veitir ekki lengur þær tryggingar sem um getur í 2. mgr.

## 20. gr.

**Verklag við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis**

1. Tollyfirvöld útflutningssamningsaðila að EES-samningnum skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini hafi útflytjandi skilað inn skriflegri umsókn eða viðurkenndur fulltrúi hans á hans ábyrgð.
2. Útflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal í þessu skyni bæði fylla út EUR.1-flutningsskírteini og umsóknina en sýnishorn af þeim er að finna í IV. viðauka við þennan viðbæti. Eyðublöðin skal fylla út á einu þeirra tungumála sem samningur þessi er gerður á og í samræmi við ákvæði landslaga útflutningssamningsaðila að EES-samningnum. Ef handskrifað er við útfyllingu eyðublaðanna skulu þau útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum sem er ætlaður til þess án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður til fulls skal draga lárétta línu neðan við síðustu línu lýsingarinnar og strika yfir ónýtta svæðið.
3. Á EUR.1-flutningsskírteini skal koma fram á ensku yfirlýsingin „TRANSITIONAL RULES“ í reit 7.
4. Útflytjandi, sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda útflutningssamningsaðila að EES-samningnum þar sem EUR.1-flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl þar sem vottað er að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öllum öðrum kröfum þessara reglna sé fullnægt.
5. Tollyfirvöld útflutningssamningsaðila að EES-samningnum skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunavörur og fullnægja öðrum kröfum þessara reglna.
6. Þau tollyfirvöld sem gefa út EUR. 1-flutningsskírteini skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna að framleiðsluvörurnar séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa hvers konar annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt. Þau skulu einnig tryggja að þau eyðublöð sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar séu rétt útfyllt. Einkum skal athuga hvort það svæði sem ætlað er fyrir vörulýsingu sé útfyllt þannig að engin hætta sé á sviksamlegum viðbótum.
7. Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis skal koma fram í reit 11 á EUR.1-flutningsskírteininu.
8. Tollyfirvöldin skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini til handa útflytjandanum um leið og útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður.

## 21. gr.

**EUR.1-flutningsskírteini gefin út eftir á**

1. Þrátt fyrir 8. mgr. 20. gr. er heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteini eftir að útflutningur framleiðsluvaranna hefur átt sér stað ef:
  - a) það var ekki gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna,

- b) sýnt er fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki verið viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum,
  - c) lokaákvörðunarstaður viðkomandi framleiðsluvara var ekki þekktur þegar útflutningur átti sér stað og var ákveðinn meðan á flutningi eða geymslu stóð og eftir mögulega uppskiptingu vörusendinga í samræmi við 3. mgr. 14. gr.,
  - d) EUR.1-flutningsskírteini eða EUR.MED-flutningsskírteini var gefið út í samræmi við reglur svæðisbundna samningsins að því er varðar framleiðsluvörur sem eru einnig upprunavörur í samræmi við þessar reglur; útflytjandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrðin fyrir beitingu uppsöfnunar hafi verið uppfyllt og vera reiðubúinn að leggja fyrir tollyfirvöld öll viðeigandi skjöl til að sanna að framleiðsluvaran sé upprunavara í samræmi við þessar reglur, eða
  - e) EUR.1-flutningsskírteini var gefið út á grundvelli 4. mgr. 8. gr. og krafist er beitingar 3. mgr. 8. gr. við innflutning til annars framkvæmdarsamningsaðila.
2. Við framkvæmd 1. mgr. skal útflytjandinn taka fram í umsókn sinni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvaranna, sem EUR.1-flutningsskírteinið á við um, hafi átt sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðinni.
  3. Tollyfirvöldunum er heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteini eftir á innan tveggja ára frá útflutningsdegi og einungis eftir að gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar, sem fram koma í umsókn útflytjandans, séu samhljóða þeim sem viðkomandi skrá hefur að geyma.
  4. Auk kröfunnar skv. 3. mgr. 20. gr. skal árita EUR.1-flutningsskírteini sem er gefið út eftir á með eftirfarandi setningu á ensku: „ISSUED RETROSPECTIVELY“
  5. Áritunin, sem um getur í 4. mgr., skal færð í reit 7 á EUR.1-flutningsskírteininu.

22. gr.

**Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteini**

1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um, til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út, að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.
2. Auk kröfunnar skv. 3. mgr. 20. gr. skal eftirritið, sem er gefið út í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, vera áritað með eftirfarandi orði á ensku: „DUPLICATE“.
3. Áritunin sem um getur í 2. mgr. skal færð í reit 7 á eftirritinu af EUR.1-flutningsskírteininu.
4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

## 23. gr.

**Gildistími sönnunar á uppruna**

1. Sönnun á uppruna skal gilda í tíu mánuði frá þeim degi sem hún er gefin út eða útbúin hjá útflutningssamningsaðila að EES-samningnum og skal hún lögð fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum.
2. Heimilt er að taka við sönnun á uppruna, sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum eftir að gildistíminn sem um getur í 1. mgr. er útrunninn til að beita tollfríðindum hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lokadagsetningu vegna sérstakra aðstæðna.
3. Í öðrum tilvikum, þegar sönnun á uppruna er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningssamningsaðila að EES-samningnum tekið við henni ef framleiðsluvörum hefur verið framvísað hjá tollinum fyrir lokadagsetninguna.

## 24. gr.

**Frísvæði**

1. Samningsaðilarnir að EES-samningnum skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað framleiðsluvara, sem stunduð eru viðskipti með í skjóli sönnunar á uppruna og fluttar eru um frísvæði á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt, þegar framleiðsluvörur sem eru upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu eða hjá framkvæmdarsamningsaðila eru fluttar inn á frísvæði í skjóli sönnunar á uppruna og fá meðferð eða vinnslu, að gefa út eða útbúa nýja sönnun á uppruna ef meðferðin eða vinnslan er í samræmi við þessar reglur.

## 25. gr.

**Kröfur varðandi innflutning**

Leggja skal fram sönnun á uppruna hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum í samræmi við þær reglur sem gilda hjá þeim samningsaðila að EES-samningnum.

## 26. gr.

**Innflutningur í áföngum**

Þegar sundurteknar eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. almennu reglu til túlkunar á samræmdu tollskránni, sem heyra undir XVI. og XVII. flokk eða nr. 7308 og 9406 í samræmdu tollskránni, eru fluttar inn í áföngum að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollyfirvöldum innflutningssamningsaðila að EES-samningnum, skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.



## 27. gr.

**Undanþágur frá sönnun á uppruna**

1. Framleiðsluvörur, sem eru sendar sem smábögglar frá einum einstaklingi til annars eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessara reglna og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar.
2. Innflutningur skal ekki teljast viðskiptalegs eðlis ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
  - a) innflutningurinn er tilfallandi,
  - b) innflutningurinn er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra,
  - c) ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.
3. Heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara má ekki vera meira en 500 evrur ef um litla pakka er að ræða og 1 200 evrur ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

## 28. gr.

**Ósamræmi og villur í framsetningu**

1. Uppgötvist lítills háttar ósamræmi milli staðhæfinga sem settar eru fram í sönnun á uppruna og þeirra sem fram koma á skjölum, sem afhent eru tolyfjirvöldum, vegna formsatriða sem fullnægja þarf fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að sönnun á uppruna teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.
2. Augljósar villur í framsetningu eins og vérlitunarvillur á sönnun á uppruna skulu ekki leiða til þess að skjölunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leiki á að staðhæfingarnar í þeim séu réttar.

## 29. gr.

**Yfirlýsingar birgis**

1. Þegar EUR.1-flutningsskírteini er gefið út eða upprunayfirlýsing útbúin hjá samningsaðila að EES-samningnum vegna framleiðsluvara sem eru upprunavörur og hafi vörur frá öðrum framkvæmdarsamningsaðila, sem hlotið hafa aðvinnslu þar án þess að öðlast upprunaréttindi, verið notaðar við framleiðslu þessara framleiðsluvara í samræmi við 3. eða 4. mgr. 7. gr., skal taka tillit til yfirlýsingar birgis um vörurnar í samræmi við þessa grein.
2. Yfirlýsing birgis sem um getur í 1. mgr. skal teljast staðfesting á þeirri aðvinnslu sem viðkomandi vörur hafa hlotið á Evrópska efnahagssvæðinu eða hjá framkvæmdarsamningsaðila við ákvörðun um hvort þær framleiðsluvörur, sem vörurnar voru notaðar við framleiðslu á, geti talist framleiðsluvörur upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu og fullnægi öðrum kröfum þessara reglna.
3. Birgir skal útbúa séryfirlýsingu, nema í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr., fyrir hverja vörusendingu á þann hátt sem lýst er í VI. viðauka, á blaði sem er fest við vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal sem lýsir viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær.

4. Ef birgir sér tilteknum viðskiptavini reglulega fyrir vörum sem fengið hafa aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu eða hjá framkvæmdarsamningsaðila og búist er við að svo verði áfram getur hann lagt fram eina yfirlýsingu birgis vegna síðari vörusendinga (hér á eftir nefnd „langtímayfirlýsing birgis“). Langtímayfirlýsing birgis getur að öðru jöfnu gilt til allt að tveggja ára frá þeim degi sem hún er útbúin. Tollyfiröld hjá framkvæmdarsamningsaðilanum þar sem yfirlýsingin er útbúin mæla fyrir um þau skilyrði sem gilda um notkun lengri tímabíla. Birgir skal útbúa langtímayfirlýsingu á þann hátt sem lýst er í VII. viðauka og lýsa viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær. Viðkomandi viðskiptavinur skal fá hana í hendur áður en hann fær fyrstu vörusendinguna sem yfirlýsingin á við eða með fyrstu vörusendingunni. Birgirinn skal tilkynna viðskiptavini sínum um það þegar í stað gildi langtímayfirlýsing ekki lengur um vörurnar sem útvegaðar eru.
5. Yfirlýsingar birgis, sem um getur í 3. og 4. mgr., skulu vélritaðar eða prentaðar á einu tungumála EES-samningsins, í samræmi við ákvæði landslaga hjá framkvæmdarsamningsaðilanum þar sem hún er gefin út, og skulu undirritaðar af birgi eigin hendi. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa en þá skal hún skrifuð með bleki og prentstöfum.
6. Birgir sem útbýr yfirlýsingu verður að vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tolyfirvalda hjá framkvæmdarsamningsaðilanum þar sem yfirlýsingin er útbúin, öll nauðsynleg skjöl því til sönnunar að upplýsingarnar í yfirlýsingunni séu réttar.

30. gr.

***Fjárhæðir gefnar upp í evrum***

1. Að því er beitingu b-liðar 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 27. gr. varðar, þegar vörureikningur er í öðrum gjaldmiðli en evrum, skulu fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum samningsaðilanna að EES-samningnum, sem eru jafngildar fjárhæðunum sem eru gefnar upp í evrum, ákveðnar árlega af hverju viðkomandi landi.
2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 18. gr. eða 3. mgr. 27. gr. gilda um vörusendingu með hliðsjón af þeim gjaldmiðli sem vörureikningurinn er gefinn út í og á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi land hefur ákveðið.
3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildi fjárhæða sem eru gefnar upp í evrum fyrsta virkan dag í október. Tilkynna skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um fjárhæðirnar eigi síðar en 15. október og þær skulu gilda frá 1. janúar næsta árs á eftir. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynna öllum hlutaðeigandi löndum um viðkomandi fjárhæðir.
4. Samningsaðilunum að EES-samningnum er heimilt að námunda fjárhæð að loknum umreikningi á fjárhæð, sem er gefin upp í evrum, yfir í innlendan gjaldmiðil sinn. Ekki má muna meira en 5 af hundraði á námunduðu fjárhæðinni og þeirri fjárhæð sem út kemur við umreikninginn. Samningsaðila er heimilt að halda fjárhæð í innlendum gjaldmiðli, sem jafngildir fjárhæð sem er gefin upp í evrum, óbreyttri ef umreikningur fjárhæðarinnar leiðir, þegar árleg leiðrétting sem kveðið er á um í 3. mgr. er gerð, til minni hækkunar en 15% á jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli áður en fjárhæðin er námunduð. Heimilt er að halda jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli óbreyttu ef umreikningur leiðir til lækkunar á því jafngildi.

5. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða fjárhæðir, sem eru gefnar upp í evrum, að beiðni samningsaðila að EES-samningnum. Við þá endurskoðun skal sameiginlega EES-nefndin meta hvort æskilegt er að varðveita áhrif gildandi takmarkana fjárhæða á föstu verði. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.

**VI. BÁLKUR****MEGINREGLUR UM SAMVINNU OG SKJALFESTA SÖNNUN***31. gr.**Skjalfest sönnun, varðveisla sannana á uppruna og fylgiskjala*

1. Útflytjandi, sem hefur útbúið upprunayfirlýsingu eða sótt um EUR.1-flutningsskírteini, skal varðveita prenteintak eða rafræna útgáfu af þessum sönnunum á uppruna, ásamt öllum skjölum sem styðja við upprunaréttindi framleiðsluvörunnar, í a.m.k. þrjú ár frá því að upprunayfirlýsingin er gefin út eða útbúin.
2. Birgir sem útbýr yfirlýsingu birgis skal varðveita í a.m.k. kosti þrjú ár eintök af henni og öllum vörureikningum, afhendingarseðlum eða öðrum viðskiptaskjölum sem yfirlýsingin er fest við, auk skjala sem um getur í 6. mgr. 29. gr.

Birgir sem útbýr langtímayfirlýsingu birgis skal varðveita eintök af yfirlýsingunni og öllum vörureikningum, afhendingarseðlum eða öðrum viðskiptaskjölum varðandi þær vörur sem yfirlýsingin fjallar um og sendar voru til hlutaðeigandi viðskiptavinar, auk þeirra skjala sem um getur í 6. mgr. 29. gr., í a.m.k. þrjú ár. Þetta tímabil hefst þann dag er gildistími langtímayfirlýsingar birgis rennur út.

3. Að því er 1. mgr. þessarar greinar varðar eru þau skjöl sem styðja við upprunaréttindi m.a. eftirfarandi skjöl:
  - a) beinar sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi eða birgir hefur gengist fyrir til þess að fá umræddar framleiðsluvörur, sem finna má til dæmis í reikningum eða bókhaldi hans
  - b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð eru og eru gefin út eða útbúin hjá viðkomandi framkvæmdarsamningsaðila í samræmi við landslög hans,
  - c) skjöl sem staðfesta aðvinnslu efna hjá viðkomandi samningsaðila að EES-samningnum sem eru útbúin eða gefin út hjá þeim samningsaðila að EES-samningnum í samræmi við landslög hans,
  - d) upprunayfirlýsingar eða EUR.1-flutningsskírteini til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru, sem eru útbúin eða gefin út hjá samningsaðilunum að EES-samningnum í samræmi við þessar reglur,
  - e) viðeigandi sannanir varðandi aðvinnslu sem hefur átt sér stað utan Evrópska efnahagssvæðisins með beitingu 13. og 14. gr., til sönnunar á að kröfum þessara greina hafi verið fullnægt.
4. Tollyfirvöld útflutningssamningsaðila að EES-samningnum sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu geyma í a.m.k. þrjú ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

5. Tollyfirvöld innflutningssamningsaðila að EES-samningnum skulu geyma upprunayfirlýsingarnar og EUR.1-flutningsskírteinin sem lögð eru fram hjá þeim í a.m.k. þrjú ár.
6. Fara skal með yfirlýsingar birgis til sönnunar á aðvinnslu hjá framkvæmdarsamningsaðila á þeim efnum sem eru notuð, sem útbúnar eru hjá þeim framkvæmdarsamningsaðila eða á Evrópska efnahagssvæðinu, eins og skjal sem um getur í 18. gr. (3. mgr.), 20. gr. (4. mgr.) og 29. gr. (6. mgr.) og notað er til að sanna að framleiðsluvörur, sem falla undir EUR.1-flutningsskírteini eða upprunayfirlýsingu, geti talist framleiðsluvörur upprunnar hjá framkvæmdarsamningsaðilanum eða á Evrópska efnahagssvæðinu og fullnægi öðrum kröfum þessara reglna.

32. gr.

***Lausn deilumála***

Komi upp deilumál í tengslum við sannprófunarferlið skv. 34. og 35. gr. eða í tengslum við túlkun þessa viðbætis, sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, skal vísa þeim til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Lausn deilumála milli innflytjanda og tollyfirvalda innflutningssamningsaðila að EES-samningnum skal í öllum tilvikum vera í samræmi við löggjöf þess lands.

## VII. BÁLKUR

### SAMVINNA STJÓRNVALDA

#### 33. gr.

#### *Tilkynning og samvinna*

1. Tollyfirvöld samningsaðila að EES-samningnum skulu láta hvert öðru í té sýnishorn af þykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina, ásamt fyrirmyndum að leyfisnúmerum sem látin eru viðurkenndum útflytjendum í té og heimilisföngum tollyfirvalda sem bera ábyrgð á sannprófunum á þeim skírteinum og upprunayfirlýsingum.
2. Til að tryggja að þessum reglum sé rétt beitt skulu samningsaðilarnir að EES-samningnum aðstoða hver annan, fyrir milligöngu þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina, upprunayfirlýsinga, yfirlýsinga birgja og að þær upplýsingar, sem fram koma í þessum skjölum, séu réttar.

#### 34. gr.

#### *Sannprófun vegna sannana á uppruna*

1. Sannprófun sönnunar á uppruna, sem er gerð eftir á, skal framkvæmd með úrtakskönnunum eða hvenær sem tollyfirvöld innflutningssamningsaðila að EES-samningnum hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt.
2. Þegar tollyfirvöld innflutningssamningsaðila að EES-samningnum fara fram á sannprófun eftir á skulu þau endursenda EUR.1-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað, upprunayfirlýsingu eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda útflutningssamningsaðila að EES-samningnum og tilgreina ástæður fyrir beiðni um sannprófun, eftir því sem við á. Skjöl og upplýsingar, sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar á sönnun á uppruna séu rangar, skulu sendar til stuðnings beiðni um sannprófun.
3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum útflutningssamningsaðila að EES-samningnum. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa hvers konar annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.
4. Ef tollyfirvöld innflutningssamningsaðila að EES-samningnum ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvörum á meðan beiðni er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með fyrirvara um þær varúðarráðstafanir sem þau álíta nauðsynlegar.
5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi viðkomandi framleiðsluvörur upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu og hvort öðrum kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt.

6. Í þeim tilvikum þar sem fyrir liggur rökstudd ástæða til að draga slíkt í efa og ekkert svar berst innan 10 mánaða frá dagsetningu beiðni um sannprófun eða ef ekki eru veittar nægilegar upplýsingar í því til að unnt sé að ákvarða áreiðanleika skjalsins sem um ræðir eða raunverulegan uppruna framleiðsluvaranna skulu tollyfirvöldin, sem lögðu beiðnina fram, synja um fríðindameðferð nema við sérstakar aðstæður.

35. gr.

#### ***Sannprófun á yfirlýsingum birgis***

1. Sannprófun á yfirlýsingum birgia eða langtímayfirlýsingum birgia eftir á er hægt að framkvæma með úrtakskönnunum eða hvenær sem tollyfirvöld samningsaðila að EES-samningnum, þar sem tillit er tekið til slíkra yfirlýsinga við útgáfu EUR.1-flutningsskirteinis eða gerð upprunayfirlýsingar, hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika skjalsins eða að upplýsingar sem í því eru gefnar séu réttar.
2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld samningsaðilans, sem um getur í 1. mgr., endursenda yfirlýsingu birgis eða langtímayfirlýsingu birgis og vörureikninga, afhendingarseðla eða önnur viðskiptaskjöl varðandi þær vörur sem yfirlýsingin á við, til tollyfirvalda framkvæmdarsamningsaðilans þar sem yfirlýsingin var útbúin og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að beiðni um sannprófun er lögð fram.  
  
Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í yfirlýsingu birgis eða langtímayfirlýsingu birgis séu rangar.
3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum framkvæmdarsamningsaðilans þar sem yfirlýsing birgis eða langtímayfirlýsing birgis var útbúin. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi birgis eða viðhafa annað það eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.
4. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort upplýsingar í yfirlýsingu birgis eða langtímayfirlýsingu birgis séu réttar og þær verða að gera þeim kleift að ákvarða hvort og að hve miklu leyti taka má tillit til slíkrar yfirlýsingar við útgáfu EUR.1-flutningsskirteinis eða gerð upprunayfirlýsingar.

36. gr.

#### ***Viðurlög***

Sérhver samningsaðili að EES-samningnum skal setja fram refsiviðurlög, viðurlög samkvæmt einkarétti og stjórnsluviðurlög í landslöggjöf sinni sem tengist þessum reglum.

**VIII. BÁLKUR**  
**BEITING VIÐBÆTIS A**

37. gr.

***Liechtenstein***

Með fyrirvara um 2. gr. skal framleiðsluvara sem er upprunnin í Liechtenstein teljast upprunnin í Sviss sökum tollabandalagsins milli Sviss og Liechtenstein.

38. gr.

***Lýðveldið San Marínó***

Með fyrirvara um 2. gr. skal framleiðsluvara sem er upprunnin í Lýðveldinu San Marínó teljast upprunnin í Evrópusambandinu sökum tollabandalagsins milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins San Marínó.

39. gr.

***Furstadæmið Andorra***

Með fyrirvara um 2. gr. skal framleiðsluvara, sem er upprunnin í Furstadæminu Andorra og flokkast undir 25.–97. kafla samræmdu tollskrárinnar, teljast upprunnin í Evrópusambandinu sökum tollabandalagsins milli Evrópusambandsins og Furstadæmisins Andorra.

40. gr.

***Ceuta og Melilla***

1. Að því er þessar reglur varðar nær hugtakið „Evrópska efnahagssvæðið“ ekki til Ceuta og Melilla.
2. Að því er varðar beitingu bókar 49 við EES-samninginn varðandi framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla skulu þessar reglur gilda að breyttu breytanda með fyrirvara um sérstöku skilyrðin sem fram koma í V. viðauka.



## I. VIÐAUKI

### SKÝRINGAR VIÐ SKRÁ II. VIÐAUKA

#### Skýring 1 – Almennur inngangur

Í skránni koma fram þau skilyrði sem allar framleiðsluvörur þurfa að uppfylla til þess að þær teljist hafa hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 4. gr. II. bóls þessa viðbættis. Til eru fjórar mismunandi tegundir reglna sem eru ólíkar eftir framleiðsluvörum:

- a) við aðvinnslna er ekki farið yfir hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni,
- b) við aðvinnslna verður 4 tölustafa vöruliður samræmdu tollskrárinnar eða 6 tölustafa undirliður samræmdu tollskrárinnar fyrir framleiðsluvörurnar frábrugðinn 4 tölustafa vörulið samræmdu tollskrárinnar eða 6 tölustafa undirliðnum eftir því hvaða efni eru notuð,
- c) sérstök aðvinnsla fer fram,
- d) aðvinnsla fer fram á tilteknum efnum sem eru að öllu leyti heimaefnin.

#### Skýring 2 – Uppbygging skrárinnar

- 2.1. Í fyrstu tveimur dálkum skrárinnar er framleiðsluvörurni sem fengin er lýst. Í 1. dálki er númer vöruliðar eða númer kafla samræmdu tollskrárinnar og í 2. dálki er vörulýsing, sem notuð er í þeirri tollskrá, fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveimur dálkunum er tilgreind regla í 3. dálki. Þegar orðið „úr“ fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eins og lýst er í 2. dálki.
- 2.2. Þegar nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki, eða númer kafla er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð, gilda viðkomandi reglur í 3. dálki um allar framleiðsluvörur sem í samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem teknir eru saman í 1. dálki.
- 2.3. Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðsluvörur innan vöruliðar felur hver undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. dálki gilda um.
- 2.4. Þegar tvær valkvæðar reglur eru tilgreindar í 3. dálki, aðgreindar með „eða“, má útflytjandi velja hvora þeirra hann notar.

#### Skýring 3 – Dæmi um beitingu reglnanna

- 3.1. Ákvæði 4. gr. II. bóls þessa viðbættis um framleiðsluvörur, sem hafa fengið upprunaréttindi og eru notaðar við framleiðslu annarra vara, gilda hvort sem slíkar vörur hafa fengið upprunaréttindin í verksmiðjunni þar sem þær eru notaðar eða í annarri verksmiðju á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 3.2. Samkvæmt 6. gr. II. bóls þessa viðbættis verður aðvinnslan sem framkvæmd er að vera umfram skrána yfir aðgerðir sem getið er í þeirri grein. Geri hún það ekki skulu vörurnar ekki uppfylla skilyrði til að njóta ívilnandi tollmeðferðar, jafnvel þótt skilyrðin í neðangreindri skrá séu uppfyllt.

Samkvæmt 6. gr. II. bálks þessa viðbættis fela reglurnar í skránni í sér lágmarksaðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi.

Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

Ef regla kveður á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi ekki nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota efnin á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

Dæmi: Þegar reglan í skránni fyrir 19. kafla krefst þess að „efni sem ekki eru upprunaefni í nr. 1101–1108 megi ekki fara yfir 20% af þyngd“ er notkun (þ.e. innflutningur) á korni í 10. kafla (efni á fyrra framleiðslustigi) ekki takmörkuð.

- 3.3. Með fyrirvara um skýringu 3.2 er heimilt, þegar regla notar orðalagið „framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er“, að nota efni úr hvaða vörulið(um) sem er (jafnvel efni með sömu lýsingu og í sama vörulið og varan), þó með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna að felast í reglunni.

Samt sem áður er með orðasambandinu „framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þar á meðal öðrum efnunum í nr. ...“ eða „framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þar á meðal öðrum efnunum í sama vörulið og framleiðsluvaran“, átt við að nota megi efni í hvaða vörulið(um) sem er, nema þau sem eru með sömu vörulýsingu og framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.

- 3.4. Þegar regla í skránni felur í sér að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.
- 3.5. Þegar regla í skránni felur í sér að vara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðlis síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.
- 3.6. Þegar í reglu í skránni eru tilgreindar tvær hundraðshlutatölur fyrir hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota má ekki leggja þær hundraðshlutatölur saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má með öðrum orðum aldrei fara yfir hæstu hundraðshlutatöluna sem er tilgreind. Ekki má heldur fara yfir einstakar hundraðshlutatölur fyrir þau tilteknu efni sem þær gilda um.

#### Skýring 4 – Almenn ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarafurðir

- 4.1. Litið skal á landbúnaðarafurðir, sem falla undir 6., 7., 8., 9., 10. og 12. kafla og nr. 2401 og sem eru ræktaðar eða uppskornar á Evrópska efnahagssvæðinu, sem upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu, jafnvel þótt þær séu ræktaðar af innfluttu fræi, blómlaukum, grunnstofnum, græðlingum, græðikvistum, sprotum, blómknöppum eða öðrum lifandi plöntuhlutum.
- 4.2. Í tilvikum þar sem innihald sykurs, sem ekki er upprunavara, í tiltekinni framleiðsluvöru er háð takmörkunum er, við útreikning á slíkum takmörkunum, tekið tillit til þyngdar sykurs í nr. 1701 (súkrósi) og 1702 (t.d. frúktósi, glúkósi, laktósi, maltósi, ísólúkósi eða einsykrur) sem notaður er til framleiðslu á fullunnu vörunni og til framleiðslu á vörum sem ekki eru upprunavörur sem er bætt við í fullunnu vöruna.

#### Skýring 5 – Hugtakanotkun varðandi tiltekna spunavörur

- 5.1. Orðin „náttúrlegar trefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gerviþráða eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar sem koma á undan spuna, að meðtöldum úrgangi og, nema annað sé tekið fram, að meðtöldum trefjum sem hafa verið kembdar, greiddar eða unnar á annan hátt, þó ekki spunnar.

- 5.2. Orðin „náttúrlegar trefjar“ eiga einnig við um hrosshár í nr. 0511, silki í nr. 5002 og 5003, og auk þess ullartrefjar og fin- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203, og aðrar jurtatrefjar í nr. 5301–5305.
- 5.3. Orðin „textílmassi“, „kemísk efni“ og „efni til pappírsgerðar“ eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50.–63. kafla og nota má til framleiðslu á gervitrefjum, syntetískum trefjum eða pappírstrefjum eða gervigarni, syntetísku garni eða pappírsgarni.
- 5.4. Orðin „tilbúnar stuttrefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra þátta eða gervivöndulþátta, stuttrefja eða úrgangs í nr. 5501-5507.
- 5.5. Brykking (ásamt vefnaði, prjóni/hekli, límbindingu eða hnökurvinnslu (flocking)) er skilgreind sem tækni sem notuð er til að færa hlutlægt metinn þátt, eins og lit, mynstur eða tæknilega frammistöðu, yfir á spunaundirlag með varanlegum hætti með sáldþrykkítækni, rúllutækni, stafrænni tækni eða yfirfærslutækni.
- 5.6. Brykking (sem sjálfstæð aðgerð) er skilgreind sem tækni sem notuð er til að færa hlutlægt metinn þátt, eins og lit, mynstur, tæknilega frammistöðu, yfir á spunaundirlag með varanlegum hætti með sáldþrykkítækni, rúllutækni, stafrænni tækni eða yfirfærslutækni, ásamt a.m.k. tveimur aðgerðum til undirbúnings eða fullvinnslu (s.s. hreinsun, bleiking, mersivinnsla, hitun, ýfing, pressun, afhleyping, straufríjfun, sléttun með gufumeðferð (decatizing), gegndreypping, viðgerð, hnökrahreinsun), enda sé verðmæti allra efna sem notuð eru ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.

#### **Skýring 6 – Vikmörk sem gilda um framleiðsluvörur úr blönduðum spunaefnum**

- 6.1. Þegar vísað er í þessa skýringu vegna ákveðinnar framleiðsluvöru í skránni skulu skilyrðin í 3. dálki ekki gilda um grunntextílefnin sem notuð eru við framleiðslu hennar og í heild eru 15% eða minna af heildarþyngd allra þeirra grunntextílefna sem notuð eru. (Sjá einnig skýringar 6.3 og 6.4).
- 6.2. Mörkin sem um getur í skýringu 6.1 eiga hins vegar einungis við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveimur eða fleiri grunntextílefnum.

Eftirfarandi telst grunntextílefni:

- silki,
- ull,
- grófgert dýrahár,
- fingert dýrahár,
- hrosshár,
- baðmull,
- efni til pappírsgerðar og pappír,

- 
- hör,
  - hampur,
  - júta og aðrar bastextíltrefjar,
  - sísál- og aðrar textíltrefjar af agava-ætt,
  - kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyprópyleni,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyester,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyamíði,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyakrylonítríli,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyímíði,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólytetraflúoretyleni,
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr póly (fenylen súlfíði),
  - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr póly (vínýl klóríði),
  - aðrir tilbúnir, syntetískir heilþræðir,
  - tilbúnir gerviheilþræðir úr viskósa,
  - aðrir tilbúnir gerviheilþræðir,
  - straumleiðandi þræðir,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyprópyleni,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyester,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyamíði,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyakrylonítríli,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyímíði,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólytetraflúoretyleni,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyfenylen-súlfíði,
  - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr póly (vínýl klóríði),
  - aðrar tilbúnar, syntetískar stuttrefjar,
  - tilbúnar gervistuttrefjar úr viskósa,
  - aðrar tilbúnar gervistuttrefjar,

- garn úr pólyúretani með sveigjanlegum pólyeterþáttum, einnig yfirspunnum,
  - vörur í nr. 5605 (málmgarn) sem innihalda ræmu með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðuð með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með gagnsæju eða lituðu lími milli tveggja plastfilma,
  - aðrar vörur í nr. 5605,
  - glertrefjar,
  - málmrefjar,
  - steinefnatrefjar.
- 6.3. Ef framleiðsluvörur innihalda „garn úr pólyúretani með sveigjanlegum pólyeterþáttum, einnig yfirspunnum“, er leyfilegt frávik 20% fyrir þetta garn.
- 6.4. Ef framleiðsluvörur innihalda „ræmu með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðuð með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með gagnsæju eða lituðu lími milli tveggja plastfilma“, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

#### **Skýring 7 – Önnur vikmörk sem gilda um tiltekna textilvörur**

- 7.1. Þar sem vísað er til þessarar skýringar í skránni, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki yfir 15% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
- 7.2. Með fyrirvara um skýringu 7.3 er notkun efna sem eru ekki flokkuð undir 50.–63. kafla engum takmörkunum háð við framleiðslu á textilvörum, hvort sem þau innihalda textílefni eða ekki.
- 7.3. Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni og flokkast ekki undir 50.–63. kafla þegar reiknað er út verðmæti efna sem eru ekki upprunavörur en eru notuð til framleiðslunnar.

#### **Skýring 8 – Skilgreining á sérstakri vinnslu og einföldum aðgerðum sem framkvæmdar eru varðandi tiltekna vörur í 27. kafla**

- 8.1. Að því er varðar úr nr. 2707 og 2713 telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:
- a) eiming við lágþrýsting,
  - b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli,
  - c) sundrun,
  - d) umbreyting,
  - e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum,
  - f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinssýru, rjúkandi brennisteinssýru (óleum) eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliiefnum; aflitun og hreinsun með náttúrulega virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum, ávirkum viðarkolum eða bákítí,

- g) fjölliðun,
- h) alkylun,
- i) hverfing (ísómering).

8.2. Að því er varðar nr. 2710, 2711 og 2712 telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:

- a) eiming við lágþrýsting,
- b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli,
- c) sundrun,
- d) umbreyting,
- e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum,
- f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinssýru, rjúkandi brennisteinssýru (óleum) eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliefnum; aflitun og hreinsun með náttúrulega virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum, ávirkum viðarkolum eða báxítí,
- g) fjölliðun,
- h) alkylun,
- i) hverfing (ísómering),
- j) að því er varðar þýkkar olíur sem falla einungis undir úr nr. 2710, hreinsun brennisteins með vatnsefnum er leiðir til að minnsta kosti 85% minnkunar á brennisteinsinnihaldi framleiðsluvara sem eru unnar með þessum hætti (með ASTM D 1266-59 T-aðferðinni),
- k) að því er varðar framleiðsluvörur sem falla einungis undir nr. 2710, hreinsun paraffíns með annarri vinnsluaðferð en síun,
- l) að því er varðar þýkkar olíur sem falla einungis undir úr nr. 2710, meðferð með vatnsefnum við meira en 20 bara þrýsting og hærra hitastig en 250 °C með notkun hvata, til annars en að hreinsa brennistein, þegar vatnsefni er virkur þáttur í kemísku efnahvarfi. Þó telst frekari meðferð smurolíu með vatnsefnum í úr nr. 2710 (s.s. lokavinnsla með vatnsefnum eða aflitun), einkum til að bæta lit eða stöðugleika, ekki vera sérstök vinnsla,
- m) að því er varðar brennsluolíur sem falla einungis undir úr nr. 2710, eiming við venjulegan loftþrýsting með því skilyrði að minna en 30% af þessum framleiðsluvörum, miðað við rúmmál og að meðtöldu tapi, eimist við 300 °C með ASTM D 86-aðferðinni,
- n) að því er varðar þýkkar olíur, aðrar en gasolíur og brennsluolíur sem falla einungis undir úr nr. 2710, meðferð með hátíðniafhleðslu,
- o) að því er varðar hrávörur (aðrar en vaselín; ósókerít, brúnkolavax eða móvax, paraffín sem innihalda minna en 0,75% af olíu miðað við þyngd) aðeins í úr nr. 2712, fjarlægning olíu með stigkrístillun.

8.3. Að því er varðar úr nr. 2707 og 2713 veita einfaldar aðgerðir, s.s. hreinsun, afhelling, fjarlægning salts, sundurgreining vatns, síun, litun, merking, þar sem brennisteinsinnihald fæst með blöndun framleiðsluvara með misjafnlega miklu brennisteinsinnihaldi, hvers konar samsetning þessara aðgerða eða álíka aðgerðir, ekki upprunaréttindi.

**Skýring 9 – Skilgreining á sérstakri vinnslu og aðgerðum sem framkvæmdar eru varðandi tilteknar vörur**

- 9.1. Framleiðsluvörur sem heyra undir 30. kafla, sem fengnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu með frumurækt, skulu taldar upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu. „Frumurækt“ er skilgreind sem ræktun á frumum úr mönnum, dýrum og plöntum við stýrð skilyrði (s.s. skilgreint hitastig, vaxtaræti, blanda af lofttegundum, sýrustig) utan lífveru.
- 9.2. Framleiðsluvörur sem heyra undir 29. kafla (þó ekki nr. 2905.43–2905.44), 30., 32. og 33. kafla (þó ekki: nr. 3302.10, 3301), 34. og 35. kafla (þó ekki: nr. 35.01, 3502.11–3502.19, 3502.20, 35.05), 36., 37. og 38. kafla (þó ekki: nr. 3809.10, 38.23, 3824.60, 38.26) og 39. kafla (þó ekki: 39.16–39.26), sem fengnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu með gerjun, skulu taldar upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu. „Gerjun“ er líftækni ferli þar sem frumur úr mönnum, dýrum, plöntum, bakteríur, ger, sveppir eða ensím eru notuð til að framleiða vörur sem heyra undir 29.–39. kafla.
- 9.3. Eftirfarandi vinnsluáðgerðir teljast fullnægjandi í samræmi við 1. mgr. 4. gr. að því er varðar vörur sem falla undir 28. og 29. kafla (þó ekki: nr. 2905.43–2905.44), 30., 32. og 33. kafla (þó ekki: nr. 3302.10, 3301), 34. og 35. kafla (þó ekki: nr. 35.01, 3502.11–3502.19, 3502.20, 35.05), 36., 37. og 38. kafla (þó ekki: nr. 3809.10, 38.23, 3824.60, 38.26) og 39. kafla (þó ekki: nr. 39.16–39.26):
- Efnahvörf: „Efnahvörf“ eru ferli (einnig lífefnafræðilegt ferli) sem leiðir til þess að til verður sameind með nýrri byggingu með því að rofið er tengi innan sameindar og ný innri tengi mynduð eða með því að breyta rúmfræðilegri stöðu frumeinda í sameind. Efnahvörf má tjá með breytingu á „CAS-númeri“.
- Eftirfarandi ferli ættu ekki að teljast veita upprunaréttindi: a) uppleysing í vatni eða öðrum leysum, b) fjarlæging leysa, þ.m.t. vatns sem leyst er upp í, eða c) viðbót eða fjarlæging kristalsvatns. Efnahvörf, eins og þau eru skilgreind hér að framan, teljast veita upprunaréttindi.
- Blöndur: Vísitandi blöndun efna í stýrðum hlutföllum (þ.m.t. dreifing), önnur en að bæta við þynningarefnum, í samræmi við fyrirframákveðnar forskriftir, sem leiðir til framleiðslu vöru sem hefur eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem skipta máli að því er varðar tilgang eða notkun vörunnar og eru ólíkir eiginleikum ílagsefnanna, telst veita upprunaréttindi.
  - Hreinsun: Hreinsun telst veita upprunaréttindi að því tilskildu að hreinsun sem á sér stað á Evrópska efnahagssvæðinu leiði til þess að ein af eftirtöldum viðmiðunum sé uppfyllt:
    - a) hreinsun vöru leiðir til þess að fjarlægð eru a.m.k. 80% af magni fyrirliggjandi óhreininda, eða
    - b) minnkun eða fjarlæging óhreininda leiðir af sér vöru sem hentar til einna eða fleiri eftirfarandi nota:
      - i) sem efni af gæðum sem henta í lyf, til lækninga, í snyrtivörur, til dýralækninga eða í matvæli,
      - ii) sem kemískar vörur og prófefni til greininga, sjúkdómsgreininga eða fyrir rannsóknarstofur,
      - iii) sem efni og íhlutir til nota í örrásatækni,
      - iv) til sérhæfðra optískra nota,

- v) til liftækni nota (t.d. í frumurækt, erfðatækni eða sem hvati),
  - vi) sem burðarefni notuð við skiljun, eða
  - vii) til nota sem krefjast gæða sem krafist er í kjarnorkuvinnslu.
- 
- Breyting á agnastærð: Vísitandi og stýrð breyting á agnastærð vöru, önnur en eingöngu með því að mylja eða pressa, sem leiðir af sér vöru með skilgreinda agnastærð, skilgreinda stærðardreifingu eða yfirborðsflöt agna sem skiptir máli að því er varðar tilgang vörunnar sem af þessu leiðir og sem hefur ólíka eðlis- og efnafræðilega eiginleika frá ílagsefnunum, telst veita upprunaréttindi.
  
  - Stöðluð efni: Stöðluð efni (þ.m.t. staðallausnir) eru efnablöndur sem henta til greiningar, kvörðunar eða viðmiðunar með nákvæmt hreinleikastig eða hlutföll sem vottuð eru af framleiðanda. Framleiðsla staðlaðra efna telst veita upprunaréttindi.
  
  - Aðgreining myndbrigða: Einangrun eða aðgreining myndbrigða úr blöndu myndbrigða telst veita upprunaréttindi.



II. VIÐAUKI**SKRÁ YFIR TILSKILDA AÐVINNSLU EFNA, SEM EKKI TELJAST UPPRUNAEFNI, SEM ÞARF TIL AÐ FRAMLEIÐSLUVARAN ÖÐLIST UPPRUNARÉTTINDI**

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1. kafli	Lifandi dýr	Öll dýr í 1. kafla verða að vera heimafengin að öllu leyti
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum	Framleiðsla þar sem allt kjöt og ætir hlutar af dýrum í framleiðsluvörnum í þessum kafla eru heimafengin að öllu leyti
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna-og sjávarhryggleysingjar	Framleiðsla þar sem öll efni í 3. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.	Framleiðsla þar sem öll efni í 4. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 5. kafla	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
úr 0511 91	Óæt fiskaegg og hrogn	Öll eggin og hrognin eru heimafengin að öllu leyti

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
6. kafli	Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts	Framleiðsla þar sem öll efni í 6. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
7. kafli	Matjurtir og tiltekna rætur og hnyði	Framleiðsla þar sem öll efni í 7. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
8. kafli	Ætir ávextir og hnetur; hýði af sítrusávöxtum eða melónum	Framleiðsla þar sem allir ávextir, hnetur og hýði af sítrusávöxtum eða melónum í 8. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
9. kafli	Kaffi, te, maté og krydd	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er
10. kafli	Korn	Framleiðsla þar sem öll efni í 10. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
11. kafli	Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten	Framleiðsla þar sem öll efni í 8., 10. og 11. kafla, nr. 0701, 0714, 2302 og 2303 og undirlíð 0710 10, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
12. kafli	Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
úr 13. kafla	Kvoðulakk, gúmkvoða og resín og aðrir jurtasafar og jurtakjarnar; þó ekki:	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 1302	Pektinefni, pektínöt og pektöt	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er og þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnar vörunnar
14. kafli	Fléttiefni úr jurtaríkinu; vörur úr jurtaríkinu, ót.a.	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
úr 15. kafla	Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu; þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
1504 til 1506	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum; ullarfeiti og feittiefni unnin úr henni (þar með talið lanólín); önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
1508	Jarðhnetuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnum í hvaða undirlið sem er, þó ekki í undirlið framleiðsluvörunnar
1509 og 1510	Ólífuolía og þættir hennar	Framleiðsla þar sem öll jurtaefni, sem notuð eru, eru heimaefni að öllu leyti

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1511	Pálmaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnunum í hvaða undirliði sem er, þó ekki í undirliði framleiðsluvörunnar
úr 1512	Olía úr fræi sólblóma og þættir hennar: – til tæknilegrar notkunar eða iðnaðarnotkunar annarrar en til framleiðslu á matvælum til mannelis  – annað	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er, þó ekki í vöruliði framleiðsluvörunnar  Framleiðsla þar sem öll jurtaefni, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
1515	Önnur órokgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnunum í hvaða undirliði sem er, þó ekki í undirliði framleiðsluvörunnar
úr 1516	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er
1520	Glýseról (glýserín), hrátt; glýserólvatn og glýserollútur	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er
16. kafli	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Framleiðsla þar sem öll efni í 2., 3. og 16. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 17. kafla	Sykur og sætindi, þó ekki:	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er, þó ekki í vöruliði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1702	<p>Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:</p> <p>– Kemískt hreinn maltsykur (maltósi) og frúktósi</p> <p>- Annað</p>	<p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þ.á m. öðrum efnunum í nr. 1702</p> <p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd efnanna í nr. 1101–1108, 1701 og 1703, sem notuð eru, fer ekki yfir 30% af þyngd fullunnar vörunnar</p>
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	<p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:</p> <p>– þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnar vörunnar</p> <p>eða</p> <p>– verðmæti sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 30% af verksmiðjuverði fullunnar vörunnar</p>

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 18. kafla	Kakaó og framleiðsla úr kakaói, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:  – þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar  eða  – verðmæti sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 30% af verksmiðjuverði fullunnu vörunnar
1806 10	Kakaóduft sem inniheldur viðbættan sykur eða annað sætuefni	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1901	<p>Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Maltkjarni</li> <li>- Annað</li> </ul>	<p>Framleiðsla úr korni í 10. kafla</p> <p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar</p>

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghetí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravióli, kannellóni; couscous, einnig unnið	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem: – þyngd efnanna í nr. 1006 og 1101–1108, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar og – þyngd efnanna í 2., 3. og 16. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar
1903	Tapiókamjöl og tapiókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki kartöflusterkju í nr. 1108
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en mais), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fin- eða grófmalað og klíðislaust korn), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem: – þyngd efnanna í nr. 1006 og 1101–1108, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar og – þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar



Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd efnanna í nr. 1006 og 1101–1108, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 20. kafla	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
2002 og 2003	Tómatar, sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem öll efnin í 7. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
2006	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað)	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
2007	Sulta, ávaxtahlauþ, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 2008	Framleiðsluvörur aðrar en: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Hnetur sem innihalda ekki viðbættan sykur eða áfengi</li> <li>- Hnetusmjör; kornblöndur; pálmakjarni; maís (korn)</li> <li>- Ávextir og hnetur sem matreidd eru á annan hátt en með gufusuðu eða suðu í vatni, án viðbættis sykurs, frosin</li> </ul>	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
2009	Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 21. kafla	Ýmis matvælaframleiðsla, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
2103	– Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni  - Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep)	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, eða unninn mustarð  Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
2105	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi	Framleiðsla úr eignum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:  – þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar  og  – samanlögð heildarþyngd sykurs og efnanna í 4. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 60% af þyngd fullunnu vörunnar
2106	Matvæli, ót.a.	Framleiðsla úr eignum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 22. kafla	Drykkjarvörur, áfengir vökvar og edik, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem öll efnin í undirliðum 0806 10, 2009 61 og 2009 69, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
2207 og 2208	Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira eða 80% eða minna miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 2207 eða 2208, þar sem öll efnin í undirliðum 0806 10, 2009 61 og 2009 69, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
úr 23. kafla	Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
2309	Framleiðsla til dýraeldis	Framleiðsla þar sem: <ul style="list-style-type: none"><li>– öll efni í 2. og 3. kafla, sem notuð eru, eru heimaefengin að öllu leyti,</li><li>– þyngd efnanna í 10. og 11. kafla og í nr. 2302 og 2303, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar,</li><li>– þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar og</li><li>– samanlögð heildarþyngd sykurs og efnanna í 4. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af þyngd fullunnu vörunnar</li></ul>
úr 24. kafla	Tóbak og framleitt tóbakslíki, þó ekki:	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er þar sem þyngd efnanna í nr. 2401 fer ekki yfir 30% af heildarþyngd efnanna í 24. kafla sem notuð eru

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
2401	Óunnið tóbak, tóbaksúrgangur	Framleiðsla þar sem öll efni í nr. 2401, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 2402	Vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar og reyktóbaki í undirlíð 2403 19, þar sem a.m.k. 10% miðað við þyngd allra efnanna í nr. 2401, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 2403	Framleiðsluvörur ætlaðar til innöndunar með hitun eða öðrum aðferðum, án bruna	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem a.m.k. 10% miðað við þyngd allra efnanna í nr. 2401, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 25. kafla	Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar eða  Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 70% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 2519	Mulið náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magnesíumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít)
26. kafli	Málmgrýti, gjall og aska	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
úr 27. kafla	Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar eða  Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 2707	Olíur sem í er meiri þungi arómatískra efnisþátta en óarómatískra efnisþátta og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitaðri koltjöru sem eimast meira en 65% miðað við rúmmál við 250 °C (þ.m.t. blöndur af bensíni og bensóli), ætlaðar til notkunar sem orku- eða hitagjafi	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu (1) eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2710	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu (1) eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar



Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
2711	Jarðolíugas og annað loftkennt kolvatnsefni	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu (1) eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2712	Vaselín; paraffín, örkrystallað jarðolíuvax, kolavax, ósókerít, brúnkolavax, móvax, annað jarðefnavax og áþekkar vörur fengnar með efnasmíð eða öðrum aðferðum, einnig litað	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu (1) eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
2713	Jarðolíukox, jarðolíubítumen og aðrar leifar úr jarðolíum eða olíum úr bikkenndum steinefnum	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu <sup>(1)</sup> eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
28. kafli	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 29. kafla	Lífræn efni; þó ekki:	Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup> eða Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 2901	Raðtengd kolvatnsefni ætluð til notkunar sem orku- eða hitagjafi	<p>Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup></p> <p>eða</p> <p>Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu <sup>(1)</sup></p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
úr 2902	Cyclan og cyclen (önnur en asúlen), bensen, tólúen, xylen, ætluð til notkunar sem orku- eða hitagjafi	<p>Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup></p> <p>eða</p> <p>Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu <sup>(1)</sup></p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
úr 2905	Málmalkóhólöt alkóhóls í þessum vörulið og etanóls	<p>Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup></p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er, þ.á m. öðrum efnunum í nr. 2905. Þó má nota málmalkóhólöt sem flokkast undir þennan vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
30. kafli	Vörur til lækninga	<p>Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup></p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla úr efnunum í hvaða vöruliði sem er</p>

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
31. kafli	Áburður	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
32. kafli	Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifulitir (pigment) og önnur litarefni; málning og lökk; kitti og önnur þéttiefni; blek	<p>Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup></p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p> <p>eða</p> <p>Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
33. kafli	Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvörur, snyrtivörur eða hreinlætisvörur	Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup> eða Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
34. kafli	Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, „tannvax“ og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum	Sérstök vinnsla <sup>(4)</sup> eða Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar



Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
35. kafli	Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím	Sérstök vinnsla ( <sup>4</sup> ) eða Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Vöruliður (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi (3)
